



Lokaverkefni til MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf

„Maður getur þetta ekkert einn“

Upplifun ungra mæðra á hindrunum á náms- og starfsferli

Fjóla Dögg Blomsterberg

Soffía Valdimarsdóttir
Júní 2018



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAEILD

„Maður getur þetta ekkert einn“
Upplifun ungra mæðra á hindrunum í náms- og starfsferli

Fjóla Dögg Blomsterberg

Lokaverkefni til MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf

Leiðbeinandi: Soffía Valdimarsdóttir

30 einingar

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2018

„Maður getur þetta ekkert einn“

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Fjóla Dögg Blomsterberg, 2018

Prentun: Svansprent
Reykjavík, Ísland, 2018

Útdráttur

Markmið rannsóknarinnar var að öðlast innsýn í reynslu og upplifun ungra mæðra af hindrunum á náms- og starfsferli. Tekin voru hálf- stöðluð viðtöl við sex ungar konur á aldrinum 18-24 ára. Niðurstöður sýndu að hindranir í náms- og starfsferilsþróun eru þónokkrar og geta verið erfiðar að yfirstíga. Mæðurnar upplifðu félagsmótandi, samfélagslegar og hugarfarslegar hindranir sem voru margar og samverkandi. Einnig leiddu niðurstöðurnar í ljós að staða ungra mæðra er mun þrengri heldur en staða barnsfeðra þeirra varðandi starfsþróun. Helstu hindranir voru námserfiðleikar, meiri ábyrgð í barnauppeldi samanborið við feður og veikt stuðningsnet. Leiddu þessar hindranir til þess að mæðurnar töldu ómögulegt að snúa aftur í nám og höfðu einnig minni sveigjanleika í vinnutíma. Vonast er til að rannsóknin skili fagaðilum sem vinna með ungu fólki á vettvangi náms- og starfsþróunar og félagsþjónustu aukinn skilning og þekkingu á stöðu og reynslu mæðra sem hverfa ungar frá námi.

Abstract

The aim of the study was to explore perceived barriers in career development of young mothers. Semi-standardized interviews were conducted with six women aged 18-24 years. The results show that the young mothers perceived numerous environmental, socialised and internal barriers in their career development that are concurrent and often difficult to tackle. The results also revealed that women still carry more responsibilities of domestic chores and upbringing compared to their children's fathers, which limits their opportunities in career development. The main perceived barriers were learning difficulties, domestic duties and a weak support system. These barriers made the women feel it was impossible for them to return to school and made occupational choice more difficult due to lack of flexibility in working hours. Hopefully the study will provide professionals working with young people in the field of career development and social services with a better understanding and knowledge of circumstances and experience of mothers who drop out of school at early age.

Formáli

Þessi rannsókn er 30 ECTS eininga lokaverkefni til meistaraþrófs í náms- og starfsráðgjöf við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Notast var við eiginlega rannsóknaraðferð og er markmið rannsóknarinnar að öðlast innsýn í aðstæður ungra mæðra og reynslu þeirra á hindrunum í starfsþróun. Hugmyndin að rannsóknarefninu kviknaði eftir umræður við samnemendur um stöðu ungra mæðra sem í lengjast á atvinnuleysissskrá. Upp frá því óx áhuginn á að skoða frekar hvaða hindranir ungar mæður upplifa á náms- og starfsferli. Eftir að hafa rætt við ráðgjafa Vinnuálastofnunnar um málefni ungra mæðra var valið meitlað í stein.

Í ljósi þess að barneignir er þekktur áhrifavaldur að brotthvarfi stúlkna úr framhaldsskólanámi og hversu margar ungar mæður eru á atvinnuleysissskrá, taldi ég ríka ástæðu til þess að skoða aðstæður þessara ungu mæðra frekar með það fyrir augum að leita vísbendinga um mögulega orsakavalda menntunar- og atvinnuleysis þeirra. Niðurstöður rannsóknarinnar gætu reynst fagaðilum sem koma að málefnum ungra mæðra vel við úrlausn náms- og starfstengdra vandamála. Jafnframt gætu niðurstöðurnar nýst við þróun úrræða fyrir ungar mæður og stuðlað að farsælli starfsþróun.

Þessi rannsókn hefði að öllum líkindum ekki orðið að veruleika nema fyrir tilstilli nokkurra aðila sem hafa aðstoðað mig og stutt mig í gegnum rannsóknarferlið. Ég vil byrja á því að þakka leiðbeinanda mínum, Soffíu Valdimarsdóttur, fyrir einstaklega faglega tilsögn, gagnlegar ábendingar og hvatningu. Einnig vil ég færa tengdaforeldrum og foreldrum bestu þakkir fyrir eilífan stuðning og ávallt vera reiðubúin til að hlaupa undir bagga á álagstímum, ég er þeim óendanlega þakklát. Tengdaforeldrunum þakka ég einnig fyrir yfirferð og prófarkalestur. Enn fremur vil ég þakka unnustanum, Kára Ragnarssyni, fyrir mikla þolinmæði, stuðning, sveigjanleika og hvatningafaðmlög á tímum efa og uppgjafar. Stelpunum mínum, þeim Helenu Birgit og Rebekku Rögnu þakka ég fyrir að vera endalaus uppspretta gleði og kærleika, sem er svo kærkomin að loknum strembnum vinnudögum. Sérstakar þakkir fá ungu mæðurnar sem gáfu mér tíma sinn og deildu með mér upplifunum sínum og hugleiðingum sem glæddu rannsóknina lífi.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Abstract	4
Formáli	5
Efnisyfirlit	6
1 Inngangur	7
1.1 Brotthvarf stúlkna úr námi.....	9
1.2 Atvinnuleysi ungra mæðra	11
1.3 Starfsþróun í nútímasamfélagi	12
1.3.1 Hindranir í starfsþróun stúlkna.....	15
1.3.2 Ytri hindranir.....	15
1.3.3 Innri hindranir	18
1.4 Stuðningur í starfsþróun ungra mæðra	19
2 Aðferð	23
2.1 Þátttakendur	23
2.2 Framkvæmd rannsóknar	25
2.3 Úrvinnsla gagna	25
3 Niðurstöður	27
3.1 Skólaganga	27
3.2 Sambætting fjölskyldulífs og vinnu.....	33
3.3 Mikilvægi stuðnings.....	38
4 Umræður	44
4.1 Hindranir á námsferli	44
4.2 Hindranir á vinnumarkaði	49
4.3 Miklar stuðningsþarfir ungra mæðra	51
5 Lokaorð	55
Heimildaskrá	57
Fylgiskjal I	68

1 Inngangur

Tíðni barneigna ungra stúlkna hefur verið ívið hærrí hér á landi samanborið við önnur Norðurlönd síðastliðna áratugi (Sóley S. Bender, 2005). Meðalaldur mæðra hefur þó hækkað talsvert undanfarin ár. Á sjöunda áratug síðustu aldar var meðalaldur frumbyrja undir 22 ára en árið 2016 var meðalaldurinn kominn upp í 27,7 ár. Til samanburðar var meðalaldur frumbyrja í 28 löndum Evróúsambandsins árið 2015, 28,9 ár (Hagstofa Íslands, 2017a). Í þessari rannsókn eru frumbyrjur á aldrinum 16-24 ára flokkaðar sem ungar mæður. Árið 2016 fæddu konur á Íslandi á aldrinum 16-24 ára, 664 börn. Heildarfjöldi fæðinga voru 4.034 börn, og voru því barneignir ungra mæðra um 16% allra fæðinga lifandi barna. Til samanburðar má skoða tölfræði sænskra kvenna frá árinu 2016 sem sýnir að barnsfæðingar á þessum aldri voru um 9,7% allra fæðinga (Hagstofa Íslands, 2017b; Statistiska centralbyrån, 2017).

Þegar ungar stúlkur verða mæður breytast hagir þeirra umtalsvert. Þær bera ábyrgð á nýju lífi og þurfa að endurskipuleggja líf sitt, hegðun og framtíðarmarkmið. Á sama tíma þurfa þær að huga að framtíðinni og taka stórar ákvarðanir er varða náms- og starfsferil (e. career) en það er eitt helsta viðfangsefni ungmenna (Arnett, 2002; Blustein, 2006; Mercer, 2004). Flest íslensk ungmenni fara beint í framhaldsskóla að loknum grunnskóla en brotthvarf er töluvert eða um 19% (Barnaheill, 2016; Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir, 2013). Í rannsóknunum sem varpa ljósi á orsakir brotthvarfs úr íslenskum framhaldsskólum kemur fram að barneignir eru meðal helstu ástæðna þess að stúlkur hverfa frá framhaldsskólanámi (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002).

Nútímasamfélag gerir miklar kröfur um menntun og eru ungmenni sem hverfa frá námi líklegri en aðrir til þess að verða atvinnulaus til langs tíma og fá lægri laun, þykir því lítil menntun ákveðin fátækragildra. Þess vegna skiptir menntun ungs fólks miklu máli varðandi framtíðarmöguleika þeirra (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2005; Svandís Nína Jónsdóttir, Jakobína Hólmfríður Árnadóttir, Gísli Árni Eggertsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2004). Þar að auki eru ungar mæður sérlega viðkvæmur hópur fyrir afleiðingum brotthvarfs úr námi þar sem konur hafa almennt

lægri laun í samanburði við karla í sambærilegum störfum (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009a). Í rannsókn frá árinu 2012 á aðstæðum barnafjölskyldna í Reykjavík, kemur fram að stærsti hópur þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð borgarinnar eru ómenntaðar, ungar og einstæðar mæður (Ásdís A. Arnalds, Elísabet Karlsdóttir, Heiður H. Jónsdóttir og Vala Jónsdóttir, 2012).

Samkvæmt tölfræðiupplýsingum Vinnumálastofnunar voru 223 ungar mæður á aldrinum 18-24 skráðar í atvinnuleit í lok ágúst mánaðar 2017 og voru langflestar þeirra, eða 71%, einungis með grunnskólapróf (Vinnumálastofnun, e.d.a., e.d.b.). Í ljósi þess að góðæri ríkir í samfélaginu um þessar mundir vakna spurningar um hvers vegna þessi hópur stundar hvorki vinnu né nám, heldur situr eftir á bótum og fjárhagsaðstoð sveitafélaga. Mikilvægt er að skólakerfið bjóði upp á sveigjanleika í námstilhögun til þess að mæta þörfum stúlkna sem ekki hafa lokið námi, en rannsóknir sýna að þær mæður sem stunda nám með sérsniðnu stuðningskerfi eru líklegri til þess að ljúka námi heldur en aðrar ungar mæður (Sadler o.fl., 2007; Wahn, 2007). Þetta styðja niðurstöður rannsóknar Hennýjar Sigurjónsdóttur (2013) um náms- og starfsferilsþróun ungra mæðra. Þar kemur fram að barneignir hægja á starfsþróun ungra mæðra en með góðum stuðningi sé vel hægt að ljúka námi eftir barneignir.

Markmið rannsóknarinnar er að öðlast innsýn í reynslu og aðstæður ungra mæðra sem hvorki eru í námi né út á vinnumarkaði og hvaða hindrunum þær mæta við þróun eigin starfsferils. Í þessu riti verður lögð áhersla á að varpa ljósi á hverskonar hindranir á náms- og starfsferli ungu mæðurnar upplifa og áhrif þeirra á menntun og atvinnustöðu. Vonast er til þess að niðurstöður rannsóknarinnar komi til með að nýtast fagaðilum sem vinna í málefnum þessara ungu kvenna í menntakerfinu eða öðrum opinberum stofnunum. Með því að styðja þessar ungu konur til að yfirstíga hindranir sem á vegi þeirra verða í náms- og starfsvali gæti það orðið til þess að þær ljúki menntun og þar með búið betur í haginn fyrir sig og börn sín.

Í ljósi markmiða rannsóknarinnar og ofangreindrar umfjöllunar um starfsþróun ungra mæðra og þeirra hindrana sem á vegi þeirra geta orðið var lögð fram rannsóknarspurningin:

Hvaða hindranir upplifa ungar íslenskar mæður í náms- og starfsferli?

1.1 Brotthvarf stúlkna úr námi

Eins og minnst hefur verið á hér að ofan gerir nútímasamfélag miklar kröfur um menntun og getur skortur á menntun leitt til skertra starfsmöguleika, tekna og lífsgæða. Til að mynda eru ungar, ómenntaðar mæður áberandi hópur þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna (Ásdís A. Arnalds o.fl., 2012; Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2005). Til að geta varpað frekara ljósi á stöðu og hindranir í náms- og starfsþróun ungra mæðra er mikilvægt að fjalla um tíðni brotthvarfs ungra stúlkna úr framhaldsskólanámi, ástæður þess og afleiðingar fyrir starfsþróun.

Á Íslandi halda flest ungmenni beint í framhaldsskóla að loknu grunnskólanámi, en árið 2015 hófu alls 95,4% allra 16 ára ungmenna framhaldsskólanám (Hagstofa Íslands, 2017c). Þetta háa hlutfall nemenda segir þó ekki alla söguna, því þrátt fyrir mikla aðsókn hefur brotthvarf úr námi verið mikið hérlendis. Mismunandi skilningur er lagður í hugtakið brottfall vegna þess að skólakerfi í hverju landi eru byggð upp á mismunandi vegu og getur reynst erfitt að gera samanburð milli landa (Field, Kuczera og Point, 2007; Gerður G. Óskarsdóttir, 2000). Í rannsókn Sigrúnar Aðalbjarnardóttur og Kristjönu Stellu Blöndal (2005) voru þeir einstaklingar sem ekki höfðu lokið framhaldsskóla við 22 ára aldur taldir til brotthvarfshóps, burtséð frá því hvort þeir höfðu hafið nám í framhaldsskóla eða ekki.

Samkvæmt skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) er Ísland með lágsta hlutfall útskrifaðra nemenda á tilskildum tíma allra sambærilegra landa (Gerður G. Óskarsdóttir, 2000; OECD, 2012a). Talið er að þriðjungur þeirra sem hefja framhaldsskólanám hætti námi á fyrsta eða öðru ári (Jón Torfi Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir, 2009). Í flestum tilvikum eru nemendur sem hverfa frá námi undir 25 ára aldri. Allt að 40% nemenda í hverjum árgangi sem hefja framhaldsskólanám útskrifast ekki fyrir 24 ára aldur og að auki dragast um 30% nemenda aftur úr í náminu og útskrifast ekki með jafnöldrum sínum (Gestur Guðmundsson, 2002; Sigrún Aðalbjargardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2005). Hlutfall útskrifaðra nemenda hækkar þó eftir 25 ára aldurinn og virðast fleiri útskrifast eftir þann aldur á Íslandi heldur en í öðrum löndum (Jón Torfi Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir, 2009).

Ýmsar ástæður finnast fyrir brotthvarfi nemenda úr framhaldsskólum. Niðurstöður rannsókna sýna að algengustu ástæður séu erfiðar fjölskylduástæður, peningaskortur,

lítið stuðningsnet, lítil trú á eigin getu og ótímabærar þunganir (Bowlby og McMullen, 2002; Gerður G. Óskarsdóttir, 2000; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson, 2002; McWhirter, Torres, Salgado og Valdez, 2007; Rumberger, 1983). Auk þessa benda niðurstöður til þess að námserfiðleikar nemenda, lélegur námsárangur úr fyrri námi og áhugaleysi hafi sterkt forspárgildi um brottfall úr námi (Gerður G. Óskarsdóttir, 1993, 2000; Hjalti Jón Sveinsson og Börkur Hansen, 2010; Sigrún Harðardóttir, 2014). Rannsóknir sýna enn fremur að persónulegar hindranir eins og lítið sjálfsálit, léleg félagsfærni, athyglisbrestur og léleg skipulagshæfni hafi slæm áhrif á námsárangur og auki líkur á brottfalli (Wolf, 2001). Þegar nemendur finna fyrir þessum hindrunum er hætta á að þeir sjái engan tilgang með því námi sem þeir stunda, og eykur það líkur á brotthvarfi (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Afleiðingar brotthvarfs getur haft slæmar afleiðingar fyrir framtíð einstaklinga en rannsóknir sýna að ómenntað fólk býr við skert lífsgæði. Það fær lægri laun, vinnur vanmetin störf og er líklegra til þess að verða heilsulítið (OECD, 2012).

Eins og fram kom að ofan þá auka barneignir líkur á brotthvarfi úr námi. Þykir það vera mikið áhyggjuefni vegna þess hversu mikilvægt hlutverk menntun spilar á vinnumarkaðnum. Þeirri hugmynd hefur verið varpað fram hvort stúlkum sem gengur ekki vel í námi eða líður illa í skóla noti barneignir sem flóttaleið úr skóla. Barneignir gætu losað þær undan kröfum samfélagsins og jafnvel fjölskyldu þeirra um skólagöngu og líf þeirra eignist þann tilgang að annast barn og fjölskyldu (Lloyd, 2005). Engin íslensk rannsókn hefur verið gerð á þessu málefni enn sem komið er. Í rannsókn sem framkvæmd var í Svíþjóð frá árinu 2007, sýndu niðurstöður að með því að verða mæður þá veitist stúlkum tækifæri til þess að losna við fortíðina og öðlast nýtt hlutverk í lífinu (Wahn, 2007). Þessar niðurstöður eru þó ekki algildar, en þótt ungar mæður séu í frekari hættu á að hverfa frá námi, benda aðrar rannsóknir á að oft gengur ungum mæðrum jafnvel betur í námi en öðrum nemendum (Sadler o.fl., 2007; Wahn, Nissen og Ahlberg, 2005). Íslensk rannsókn sem fjallar um félagslega stöðu ungs fólks utan skóla, sýndi að ungar mæður leggðu hart að sér í námi og væru ekki í meiri brottfallshættu en samnemendur þeirra, sérstaklega ef viðkomandi nemandi hefði gott stuðningsnet (Svandís Nína Jónsdóttir, Stefán Hrafn Jónsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Hera Hallbera Björnsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003).

Í ljósi þeirra afleiðinga og neikvæðra áhrifa á starfsþróun sem brotthvarf frá námi getur haft í för með sér, er þörf á að fjalla um stöðu atvinnuleysis ungra mæðra í íslensku samfélagi og áhrif þess á starfsþróun þeirra.

1.2 Atvinnuleysi ungra mæðra

Atvinnuleysi hérlendis hefur verið lítið undanfarin ár og er atvinnuþátttaka tiltölulega góð í samanburði við önnur ríki innan OECD (Guðný Björk Eydal, Halldór S. Guðmundsson og Tómas Björn Bjarnason, 2012; Kolbeinn Stefánsson, 2009). Árið 2016 mældist atvinnuleysi ungs fólks á aldrinum 16-24 ára 6,4% en reyndist mun hærra í öðrum OECD þjóðum. Næst okkur kom Þýskaland með 7% atvinnuleysi ungs fólks (OECD, 2017). Eftir efnahagshrunið 2008 fór atvinnuleysi í sögulegt hámark þegar það fór upp í 6,5- 8,9% árið 2010. Síðan þá hefur dregið verulega úr atvinnuleysi og það sem af er árs 2017 hefur atvinnuleysi verið á bilinu 1,7- 3,5% (Hagstofa Íslands, 2017d).

Erlendar athuganir gefa til kynna að atvinnuleysi er misjafnt á milli lýðfræðilega hópa. Konur, ungt fólk, ómenntaðir og minnihlutahópar eru líklegri en aðrir til þess að verða atvinnulausir (Edgell, 2006). Ungt fólk á aldrinum 16-29 ára, stendur sérlega illa þegar kemur að atvinnuleysi og kom sá hópur hvað verst út úr fjármálahruninu 2008, sérstaklega þeir einstaklingar sem höfðu litla eða enga formlega menntun (Ásdís A. Arnalds og Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir, 2010; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Ungt ómenntað fólk er einnig líklegra í samanburði við aðra hópa til þess að kljást við langtímaatvinnuleysi og geta afleiðingar þess verið alvarlegar. Það að hefja starfsferil sinn á atvinnuleysi getur haft neikvæð og varanleg áhrif á starfsþróun einstaklingsins (Ásdís A. Arnalds og Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir, 2010). Fólk á aldrinum 16-24 ára er sérstaklega útsett fyrir þessum afleiðingum, einkum vegna þess að flestir á þessum aldri hafa ekki lokið framhaldsskólanámi ásamt því að hafa litla eða enga starfsreynslu (Olafsson og Wadensjö, 2012; Félags- og tryggingarmálaráðuneyti, 2009b). Ungu fólkið er einnig viðkvæmast fyrir hagsveiflum í efnahagslífinu og er því líklegra en aðrir til að verða atvinnulaust á samdráttartímum (Guðný Björk Eydal o.fl., 2012).

Út frá þessu má ætla að ungar mæður sem ekki hafa lokið framhaldsskólamenntun standi sérlega illa þegar kemur að atvinnuleysi. Ekki aðeins tilheyra þær hópi sem verst stendur gagnvart efnahagsveiflum, heldur eru þær einnig án menntunar. Í því góðæri sem ríkir um þessar mundir með lágmarksatvinnuleysi ætti þó að reynast auðveldara

fyrir ungar mæður að finna viðeigandi störf eða nám en áður á tímum efnahagsþrenginga. Samt sem áður virðist einhver hluti þeirra sitja eftir í góðæri samfélagsins. Samkvæmt tölfræðilegum upplýsingum frá Vinnumálastofnun voru 223 ungar mæður á aldrinum 18-24 ára, með eitt eða fleiri börn á atvinnuleysisráði í lok ágúst 2017. Af þeim höfðu 98 eða 44%, verið sex mánuði eða lengur á atvinnuleysisráði, en langtímaatvinnuleysi miðast við sex eða tólf mánuði (Guðný Björk Eydal o.fl., 2012; Vinnumálastofnun, e.d.a.). Heppilegra þykir að miða við sex mánuði þegar skilgreina á langtímaatvinnuleysi meðal ungs fólks vegna þess hve fljótt bæði félagsleg og heilsufarsvandamál myndast í kjölfar atvinnuleysis hjá þeim (Olsen og Tägtström, 2013). Þessi ályktun er studd af fyrri rannsóknum sem sýna fram á að atvinnuleysi frá sex mánuðum upp í átján mánuði getur haft mjög neikvæðar sálfélagslegar og efnahagslegar afleiðingar fyrir ungt fólk (Guðný Björk Eydal o.fl, 2012; Scarpetta, Sonnet og Manfredi, 2010).

Þegar menntun þessara 223 mæðra er skoðuð þá sýnir tölfræðin að flestar, eða 71% þeirra, höfðu einungis lokið grunnskólaprófi, 9% höfðu lokið einhverri framhaldsmenntun. Hlutfall útskrifaðra stúdenta var nokkuð lágt, eða 15% og höfðu einungis 4% mæðra lokið háskólaprófi (Vinnumálastofnun, e.d.b.). Ef skoðuð eru árin eftir fjármálahrunið 2008, þá hefur meðaltal atvinnulausra ungra mæðra verið 305 á ári. Fjöldinn hefur þó sveiflast mikið milli ára og lækkað í takt við ástand vinnumarkaðar (Vinnumálastofnun, e.d.c.). Samkvæmt ráðgjafa innan Vinnumálastofnunar er atvinnuleysi ungra mæðra ekki algengt, en vandamálið ermargþætt og erfitt viðureignar (Ragnhildur Ólafsdóttir, munnleg heimild, 2.maí 2017). Gæti innsýn í reynsluheim mæðra á hindrunum í starfsþróun því haft töluvert hagnýtt gildi fyrir ráðgjafa og aðra fagmenn sem koma að starfsþróun þeirra.

Í kjölfar umfjöllunar um brotthvarf úr námi og atvinnuleysi ungra mæðra í íslensku samfélagi og þær afleiðingar sem það getur haft á náms- og starfsferil þeirra er rétt að fjalla einnig um kenningarlegan bakgrunn starfsþróunar í nútímasamfélagi og í kjölfarið þær hindranir sem mæta konum í náms- og starfsferli.

1.3 Starfsþróun í nútímasamfélagi

Til þess að öðlast frekari skilning á hindrunum á náms- og starfsferli ungra mæðra þarf að líta fyrst til þeirra breytinga sem almennt hafa orðið á forsendum starfsþróunar ungs

fólks, vinnuumhverfi og þeim kröfum sem atvinnulífið gerir til einstaklinga í nútímasamfélagi.

Eitt af mikilvægustu verkefnum ungmenna er ákvörðunartaka í náms- og starfsferli. Starfsþróun (e. career development) vísar í flókið ferli sem spannar alla ævi einstaklingsins (Gottfredson, 1981; Patton og McMahon, 2014, Super, 1957). Í þessu ferli skoðar einstaklingur áhugasvið sitt, væntingar um starfsferil, tekur starfstengdar ákvarðanir og fylgir þeim eftir. Ýmsir persónubundnir og utanaðkomandi þættir geta haft áhrif á þróun þessa ferlis. Þar má nefna samfélagið sem einstaklingurinn býr í, fæðingarstaður hans, aldur, fjölskylda, sem og gildi hans, viðhorf og starfstengdur metnaður (Hartung, Porfeli og Vondracek, 2005). Einnig má nefna kyn sem áhrifaþátt, einkum vegna viðhorfa samfélagsins til kynja sem geta haft mikil áhrif á náms- og starfsferil einstaklinga (Bimrose, 2008; Betz, 2005). Einn áhrifaþáttur í starfsþróun kvenna eru barneignir, og þá sérstaklega ef kona verður þunguð á unga aldri þegar þær þurfa að taka stórar ákvarðanir er varða framtíð þeirra í námi og starfi (Boden, Ferguson og Horwood, 2008).

Vinnuumhverfið hefur tekið miklum breytingum og orðið töluvert flóknara á síðari tímum, en áður fyrr störfuðu einstaklingar gjarnan á sama starfsvettvangi frá unga aldri til starfsloka (Gottfredson, 2005; Savickas, 2005). Hraði nútímasamfélagsins er meiri og í dag er algengt að einstaklingur skipti margsinnis um starfsvettvang, sé lengur í námi og stundi reglulega símenntun á starfsævinni. Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á svokallað ævinám (e. lifelong learning). Ævinám er sú menntun sem einstaklingur þarf að sækja sér til þess að geta viðhaldið eða bætt þekkingu og þannig lifað af í síbreytilegu nútímasamfélagi (Merriam, Caffarella og Baumgartner 2007; Savickas, 2008, 2000). Með ævinámi getur einstaklingur orðið samkeppnishæfari á vinnumarkaði, aukið líkur á stöðuhækkun eða bætt við kunnáttu sem nýtist í starfsþróun (Miyamoto, 2005). Einnig er lögð mikil áhersla á breytileika (e. protean career) í breyttu vinnuumhverfi. Þá er einstaklingurinn við stjórnvölinn á starfsferli sínum út frá eigin forsendum í stað þess sem áður var þar sem hagur fyrirtækis eða skipulagsheilda var miðpunktur starfsferilsins (Hall, 2004).

Í dag eru meiri kröfur gerðar um sveigjanleika og aðlögunarhæfni (e. adaptability) í vinnuumhverfinu. Er þá átt við getu fólks (e. ability) til að takast á við ófyrirsjáanleg

verkefni og breytingar í vinnuumhverfi sínu. Einstaklingar gera í dag meiri kröfur um jafnvægi á milli vinnu og fjölskyldulífs og fyrirtækin gera ríkari kröfur til starfsmanna um reynslu, aukna þekkingu og samkeppnishæfni (Herr, 2001; Savickas, 2005). Þessar miklu breytingar sem hafa orðið á vinnuumhverfi síðastliðinna ára leiða til krafna um aukna sjálfsþekkingu (e. self concept) og ríkari siðferðisvitund (Hall, 2004). Með aukinni sjálfsþekkingu lærir einstaklingur að treysta á eigið innsæi og stjórna sjálfum sér og er fólk þá hæfara til þess að taka ákvarðanir út frá eigin hagsmunum og löngunum (Hall, 2004; Super, 1953). Því meiri sjálfsskilning sem einstaklingur hefur og hversu tilbúinn (e. readiness) hann er til þess að aðlagast breytingum og leysa verkefni, því auðveldara á hann með að eiga ánægjuríkan og fullnægjandi starfsferil (Savickas, 2005).

Starfsánægja (e. job satisfaction) þykir skipta lykilmáli þegar kemur að vellíðan og hamingju einstaklinga. Ánægja í starfi hefur jákvæð áhrif á einstaklinginn og uppfyllir þá félagslegu þörf sem fæst ekki fullnægt heima fyrir. Það að lifa fjölbreyttu lífi, umgangast annað fólk, að afreka (e. achieve) og að bæta við hæfileika sína og getu, getur haft mikil áhrif á líf fólks. Sé þessum þörfum ekki mætt, er líklegra að sú gremja og óánægja sem fólk upplifir í starfi sínu smitist yfir á aðra þætti lífs þess (Betz, 1994; Hirschi, Hermann, Nagy og Spurk, 2016; Jiang, Wing, Jing, Wallace, Jiang og Kim, 2017).

Til þess að komast áfram á hröðum og breytilegum vinnumarkaði er nauðsynlegt að hafa einhversskonar menntun. Með menntun eflast og þroskast einstaklingar sem gerir þeim kleift að ná þeim markmiðum sem þeir setja sér á náms- og starfsferli (Savickas, 2005). Fólk sem hefur litla eða enga formlega menntun er líklegra til þess að lifa við minna starfsöryggi og fær ekki eins mörg tækifæri á vinnumarkaði samanborið við þá sem hafa menntun (Blustein, 2006). Menntun eykur hæfni einstaklingsins á vinnumarkaðnum, hún eykur framléiðni og nýsköpun. Þess vegna er lögð mikil áhersla á að finna leiðir til þess að fyrirbyggja brotthvarf úr skólum (Krumboltz og Worthington, 1999; Pool og Sewell, 2007; Jón Torfi Jónasson, 2004).

Breytingar á vinnumarkaði og aukinn hraði samfélagsins gera frekari kröfur á menntun og aðlögunarhæfni einstaklinga í atvinnulífinu. Menntun stuðlar að jákvæðri starfsþróun en konur standa höllum fæti í þeim efnum í samaburði við karlmenn vegna barneigna, ábyrgðar á barnauppleidi og jafnvel viðhorfa samfélagsins til kynja. Hér eftir verða hindranir (e. barriers) í náms- og starfsferli skoðaðar og áhrif þeirra á starfsþróun

kvenna. Verður það gert með það að leiðarljósi að öðlast dýpri skilning á hvað hindrar ungar mæður í að verða sér út um frekari menntun og þar með meiri möguleika á ánægjurikum starfsferli.

1.3.1 Hindranir í starfsþróun stúlkna

Innlendar rannsóknir á starfsþróun ungra mæðra eru fáar og hafa hindranir í náms- og starfsferli þeirra ekki verið skoðaðar fyrr en nú. Til að varpa ljósi á starfsferilsþróun ungra mæðra er mikilvægt að fjalla um hindranir og áhrif þeirra á náms- og starfsferil kvenna. Í umfjöllun Nancy Betz (2005) um starfsþróun kvenna, vísa hindranir til aðstæðna eða atburða í umhverfi einstaklings eða innra með honum sem valda erfiðleikum í starfsþróun. Upphaflega voru hindranir á náms- og starfsferli rannsakaðar til að leita skýringa þess hvers vegna konur sóttu síður í nám og störf í tækni- og raunvísindum. Talað er um ytri hindranir (e. external barriers) annarsvegar og innri hindranir (e. internal barriers) hinsvegar (Betz, 2005; Fabian, Beveridge og Ethridge, 2009). Hindranir eru taldar hafa margvíslegar afleiðingar á starfsþróun einstaklinga, en þær geta leitt til þess að einstaklingar gefa markmið sín upp á bátinn og hafna í námi eða störfum sem eru minna metin en ætlað var í upphafi (Luzzo og Hutcheson, 1996). Einnig eru hindranir taldar hafa neikvæð áhrif á sjálfstraust eintaklinga, hvernig náms- og starfsval fer fram, skipulag starfsþróunar og hvort einstaklingur ljúki framhaldsskólamenntun eða sjái sér fært um að afla sér frekari menntunar (Carduso og Marques, 2008; Lent, Brown og Hackett, 2000; Luzzo og McWirther, 2001; Swanson, Daniels og Tokar, 1996). Verður nú fjallað nánar um ytri og innri hindranir á náms- og starfsferli kvenna.

1.3.2 Ytri hindranir

Í umfjöllum um ytri hindranir er vísað til þeirra félagsmótandi (e. socialized) og samfélagslegra (e. environmental) þátta sem hafa áhrif á starfsferil kvenna. Fjallað hefur verið um meðal annars skort á fyrirmyndum (e. role models), kynhlutverk (e. gender roles) og staðalímyndir vinnumarkaðarins (e. occupational stereotypes) (Betz, 2005; Creed, Patton og Bartrum, 2004). Menntakerfið ýtir undir þessi viðhorf, en vísbendingar eru um að menntun skili konum ekki sambærilegum starfsframa og launum í atvinnulífinu samanborið við karlmenn (Betz, 2005; Forsætisráðuneytið, 2004).

Donald Super fjallaði um fyrirmyndir (e. key figures) í starfsferilsfræðum sínum og hvernig áhrif hvatninga koma fram strax í æsku varðandi náms- og starfsval og uppbyggingu sjálfþekkingar einstaklings (Super, 1990). Savickas (2011) gerði fyrirmyndir einnig að umfjöllunarefni í fræðum sínum og fjallar hann þar um muninn á fyrirmyndum úr þjóðfélaginu og fyrirmyndum úr nærumhverfi. Þegar um fyrirmyndir í þjóðfélaginu er að ræða velur barn eða unglingur sér fyrirmynd sem hann lítur upp til og gerir persónueinkenni fyrirmyndarinnar að sínum eigin. Hvað varðar fyrirmyndir úr fjölskyldu barnsins, þá velur barnið sér ekki sjálft fyrirmyndina. Foreldrar eru leiðbeinendur barnsins og eru stöðugir áhrifavaldar í lífi þess. Þau áhrif sem foreldrar hafa á börn sem fyrirmyndir eru annarskonar heldur en þegar barn velur sjálft fyrirmynd, vegna þess að áhrif foreldranna verða hluti af barninu sjálfu og gera börnin viðhorf foreldra sinna að sínum eigin (Savickas, 2011). Hvatning foreldra skiptir því gríðarlega miklu máli þegar kemur að starfsþróun barna og unglunga, en í rannsókn Svanhildar Svavarsdóttur (2010) kemur fram að foreldrar hafa meiri áhrif á náms- og starfsval ungmenna í 10. bekk heldur en kennarar og aðrir úr þjóðfélaginu.

Fyrirmyndir eru sérstaklega mikilvægar fyrir starfsþróun kvenna. Rannsóknir sýna að konur hafi meiri þörf á fyrirmyndum af sama kyni en karlmenn. Vegna kynbundinna staðalímynda samfélagsins (e. societal stereotypes) verða konur fyrir meira mótlæti í starfsþróun sinni heldur en karlmenn. Konur hafa því mikla þörf fyrir að sjá aðrar konur sem hafa verið í þeirra sporum, yfirstigið hindranir og komist vel af. Þannig gefa fyrirmyndir öðrum konum von um að það sé raunverulegur möguleiki á að komast þangað sem maður ætlar sér (Betz, 2005; Lockwood, 2006). Ef þessar fyrirmyndir skortir getur það virkað sem hindrun í starfsþróun stúlkna sem enn er á mótunarstigi (Betz og Fitzgerald, 1987; Lent, Brown og Hackett, 2002).

Viðhorf samfélagsins til kvenna og hlutverka þeirra innan samfélagsins getur reynst veruleg hindrun í starfsþróun þeirra. Staðalímynd kynjanna gerir ráð fyrir því að að konur setji fjölskyldulíf og barneignir framar starfsferli sínum. Enn í dag hvílir meiri ábyrgð á fjölskyldu- og heimilisstörfum á herðum konunnar og getur reynst þeim erfitt að samtvinna fjölskyldulíf sitt við starfsframa vegna þess (Betz, 1994, 2005; Carduso og Marques, 2008; Cheung og Halpern, 2010; Fox, Fonseca og Bao, 2011; Merriam o.fl., 2007). Sambætting fjölskyldulífs og starfsferils er erfiðari fyrir konur heldur en karla, og

eru þær þess vegna líklegri til þess að taka starfstengdar ákvarðanir út frá þörfum fjölskyldulífsins heldur en áhuga, sem hefur svo bein áhrif á vellíðan þeirra og starfsánægju (Gottfredson, 2002; O'Neil og Bilimoria, 2005). Þetta staðfesta íslenskar rannsóknir sem sýna að konur láta starfsþróun sína víkja fyrir barnauppeldi þrátt fyrir áhuga og metnað til náms og starfa (Helga Eysteinsdóttir, 2006; Jóhanna Einarsdóttir og Sif Einarsdóttir, 2004). Líkt og hjá þessum konum gætu barneignir á unga aldri leitt til þess að stúlkur þurfi að hverfa frá námi. Aukin krafa samfélagsins á menntun gerir stöðu ungra mæðra þrengri í starfsþróun sinni í dag heldur en áður þegar minni áhersla var lögð á menntun í vinnuumhverfinu (Blustein, 2006). Í dag hinsvegar gerir samfélagið kröfur um virkni allra, karla jafnt sem kvenna. Samkvæmt Betz og Fitzgerald (1987) er áður nefnd togstreita á milli fjölskyldulífs og starfsframa ein algengasta hindrunin í starfsþróun kvenna. Einnig spilar staðalímynd og kynjaskipting vinnumarkaðar stórt hlutverk, þar sem ákveðin störf eru talin henta körlum betur en konum (Betz, 2005; Lent o.fl., 2002). Þetta á ekki einungis við erlendis heldur einnig á Íslandi, en í rannsókn þuríðar Óskar Sigurjónsdóttur og Sifjar Einarsdóttur (2011) um námsval kvenna í raunvísindum koma fram sambærilegar niðurstöður. Rannsóknir sýna ennfremur að konur skynja frekar kynjamisrétti, móðganir, áreitni og að þær eigi erfiðara að fá störf í samanburði við karla (Fabian o.fl., 2009; Luzzo og Hutcheson, 1996; Luzzo og McWhirter, 2001; Watts, Frame, Moffett, Van Hein og Hein, 2015).

Konur mæta ekki einungis fleiri hindrunum á vinnumarkaði í samanburði við karlmenn, því rannsóknir sýna að þær upplifa einnig fleiri hindranir á öllum námsferli sínum (Carduso og Marques, 2008; Luzzo og McWirther, 2001; McWhirter o.fl., 2007). Niðurstöður portúgalskrar rannsóknar sýna að stúlkur í grunnskóla upplifa og búast við samfélagslegum og félagsmótandi hindrunum í þróun náms- og starfsferils (Carduso og Marques, 2008). Niðurstöður rannsóknar um hindranir ítalskra nemenda á framhaldsskólastigi sýna að stúlkur finna í frekari mæli fyrir hugarfarslegum hindrunum samanborið við pílta (Ginevra, McWirther og Nota, 2011). Ennfremur sýnir rannsókn sem fjallaði um hindranir nemenda á háskólastigi að ungar konur eiga erfiðara með að fjármagna námið í samanburði við pílta ásamt því að upplifa minni stuðning og hvatningu í námi (McWhirter o.fl., 2007). Þessar niðurstöður eru studdar af íslenskum rannsóknum sem sýna að stúlkur upplifa minni stuðning og hvatningu í námsvali í samanburði við karlmenn (Þuríður Ósk Sigurjónsdóttir og Sif Einarsdóttir, 2011).

Félagsmótandi- og samfélagslegar hindranir á borð við skort á fyrirmyndum, ábyrgð kvenna á heimili og uppeldi og kynjaskipting vinnumarkaðar hafa hamlandi áhrif á starfsþróun kvenna. Stúlkur spegla sig og skilgreina í gildum og væntingum samfélagsins um hlutverk kynjanna sem verður til þess að þær tileinka sér vissa hegðun. Getur þetta félagsmótunarferli haft letjandi eða hvetjandi áhrif á þróun hæfileika (Andersen, 1997). Þegar stúlkur finna fyrir þessum ytri hindrunum getur það leitt til innri hindrana sem einnig hafa hamlandi áhrif á starfsþróun þeirra.

1.3.3 Innri hindranir

Svo virðist sem umræddar ytri hindranir hafi áhrif á trú kvenna á eigin getu og hæfni. Þegar fjallað er um innri hindranir er vísað til þeirra hugarfarslegra (e. internal) þátta sem hafa áhrif á einstaklinga. Sem dæmi má nefna sjálfsmat, sjálfsþekkingu og mat á eigin getu í störfum. Bandura (1977) fjallaði um trú á eigin getu í félagsnámskenningu sinni. Vísar hugtakið til trúar einstaklings á eigin getu til þess að ná árangri í tilteknum verkefnum eða athöfnum. Þessi færni getur haft mikil áhrif á það hvernig einstaklingar takast á við verkefni og leyst þau. Einstaklingur sem hefur sterka trú á eigin getu í verkefnum leggur meira á sig, er líklegri til þess að velja þyngrri og meira ögrandi verkefni og hefur meira úthald við úrlausn þeirra. Hinsvegar ef einstakling skortir trú á eigin getu forðast hann verkefnin, velur auðveldari verkefni, leggur minna á sig og hefur minna úthald við úrlausn verkefna (Bandura, 1997; Gaskill og Woolfolk Hoy, 2002; Schunk, 2001). Bandura sýnir með þessu að þó að tveir einstaklingar hafi sömu getu, þá geta þeir sýnt mjög ólíka hegðun þegar kemur að úrlausn sama verkefnis (Bandura, 1997). Bandura fjallar sérstaklega um fjóra þætti sem geta haft góð áhrif á trú á eigin getu. Hann talar um að þegar einstaklingur sér að vinna hans ber árangur hafi það styrkjandi áhrif. Hvatning hefur einnig góð áhrif, sem og hrós fyrir vel unnin störf (Bandura, 1977, 1993).

Trú á eigin getu er lykilhugtak félagsnáms- og hugrænnar kenningar um starfsferilinn (e. social cognitive career theory - SCCT) (Fabian o.fl., 2009; Lent o.fl., 2000). Þau Robert Lent, Stephen Brown og Gail Hackett (2000) komu fyrst fram með kenninguna og leituðust við að útskýra starfsþróun einstaklinga. Kenningin byggist á þremur grundvallarþáttum: trú á eigin getu, væntingum um útkomu/árangur (e. outcome expectation) og markmið (e. goals). Einnig fjallar kenningin um þá huglægu og

hlutlægu þætti í umhverfinu sem hafa annaðhvort hvetjandi eða hamlandi áhrif á hæfni einstaklinga til þess að ná markmiðum sínum (Lent o.fl., 2000, 2002).

Þær Nancy Beck og Gail Hackett (1981) voru fyrstar til að tengja hugtak Bandura um trú á eigin getu við starfsþróun kvenna. Þær fullyrða að trú á eigin getu hafi frekari áhrif á ákvörðunartöku í náms- og starfsferli kvenna heldur en áhugamál, gildismat og hæfileikar þeirra. Lítil trú á eigin getu getur þess vegna haft gríðarleg áhrif á starfsferilsþróun kvenna. Lítil trú á eigin getu getur orðið til þess að konur vanmeti eigin hæfni og telji sig jafnvel ekki hafa getu til þess að sinna því starfi sem vekur áhuga. Getur þetta dregið verulega úr möguleikum þeirra á vinnumarkaði. Ennfremur getur trú á eigin getu haft mikið um það að segja hvernig konur takast á við erfið verkefni og þær hindranir sem á vegi þeirra verða (Betz, 2005; Lent o.fl., 2002; McWhirter o.fl., 2007).

Þar sem konur upplifa hindranir á borð við togstreitu milli vinnu og fjölskyldulífs og væntingar samfélagsins um að þær setji barnauppleði frammar starfsþróun, getur trú þeirra á eigin getu haft mikil áhrif á hvernig þær takast á við þessar hindranir. Ef einstaklingur hefur ekki trú á eigin getu á vissum sviðum, veldur það því að hann forðast þau, gangi verr á þessum sviðum og gefist auðveldar upp (Betz, 2005). Velta má fyrir sér að ef ungar mæður hafa ekki trú á að komast í gegnum nám eða geti ekki sambætt fjölskyldu og starfsferil, getur það aukið líkur á að þær forðist að takast á við þessi verkefni. Lítil trú á eigin getu getur þess vegna haft slæm áhrif á starfsþroska og þróun starfsferils kvenna (Luzzo og McWhirter, 2001).

Í framhaldi af umfjöllum um þær fjölmörgu hindranir sem konur upplifa í starfsþróun er þarft að skoða þá þætti sem gætu haft hvetjandi áhrif á nám og starfsferil. Ef ungar mæður finna hvata og stuðning frá umhverfi sínu gæti það haft jákvæð áhrif á starfsþróun þeirra. Verður nú fjallað um stuðning frá fjölskyldu ungra mæðra. Einnig verður yfir þann fjárhagslega stuðning sem í boði er fyrir ungar mæður í íslensku velferðarsamfélagi. Að lokum verður fjallað um hvernig menntakerfið getur komið til móts við mæður svo þær geti freistað þess að ljúka námi.

1.4 Stuðningur í starfsþróun ungra mæðra

Þegar ungar stúlkur verða barnshafandi er mikilvægt að þær njóti bæði stuðnings frá fjölskyldu og samfélaginu. Ungar mæður hafa ekki tekið út fullan þroska þegar þær verða barnshafandi, flestar hafa ekki mikið fé á milli handanna og eru ekki komnar langt

í starfsþróun sinni. Þess vegna er þörf á miklum stuðningi og þar spilar nánasta fjölskylda stúlkna stærsta hlutverkið, þá sérstaklega mæður þeirra, makar eða barnsfeður (Haley og Sherwood-Hawes, 2006; Wahn o.fl., 2005). Gott stuðningsnet eykur líkur á að ungar mæður haldast í námi og freistast ekki til þess að fara út á vinnumarkaðinn áður en þær ljúka námi (Kolbeinn Stefánsson, 2010; Levine o.fl., 2001; Ngum Chi Watts, Liamputtong og McMichael, 2015; Svandís Nína Jónsdóttir o.fl., 2003; Þóra Kristín Þórsdóttir og Kolbeinn Stefánsson, 2010). Þótt fjölskyldan skipi veigamikinn sess varðandi stuðning við starfsþróun ungra mæðra, þurfa þær einnig á fjárhagslegum stuðningi að halda og ennfremur frá menntakerfinu kjósi þær að hefja nám.

Íslenska velferðarkerfið býður upp á ýmis fjárhagsúrræði sem flest gagnast einstæðum mæðrum betur en mæðrum í sambúð. Af þeim úrræðum sem standa til boða má helst nefna fæðingarorlof, séu mæður á vinnumarkaði og fæðingarstyrk námsmanna ef þær stunda nám. Einnig hafa þær rétt á lögbundnum barnabótum og meðlagi frá föður séu þær einstæðar (Tryggingastofnun, e.d.; Þjóðskrá Íslands, e.d.). Ef mæðurnar hafa unnið í að minnsta kosti þrjú mánuði síðastliðna tólf mánuði, þá geta þær sótt um atvinnuleysisbætur kjósi þær að snúa ekki í nám að loknu fæðingarorlofi (Vinnumálastofnun, e.d.d.). Ef þær hafa enga tengingu við vinnumarkað og stunda ekki nám er mögulegt að sækja um fjárhagsaðstoð frá viðkomandi sveitarfélagi. Ennfremur bjóða þjónustumiðstöðvar sveitarfélaganna upp á námsstyrki séu mæður einstæðar og jafnvel húsnæðisaðstoð og húsaleigubætur (Lög nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga). Ef fokið hefur í flest skjól og ekki er hægt að verða sér um ofangreind úrræði, geta einstaklingar leitað aðstoðar hjá hjálparstofnunum eins og Fjölskylduhjálp Íslands, Hjálparstarfi kirkjunnar og Mæðrastyrksnefnd.

Þó að ungar stúlkur verði mæður þarf það ekki að hafa slæm áhrif á nám þeirra. Með auknum stuðningi innan menntakerfisins geta þær haldið áfram námi eftir barneignir. Að bjóða upp á fjölbreyttar námsleiðir, slaka á mætingaskyldu, aukið fjarnám og símat, getur hjálpað mæðrum að uppfylla kröfur til fullnustu náms (Fabian o.fl., 2009; Lent o.fl., 2000; Sadler o.fl., 2007; Svandís Nína Jónsdóttir o.fl., 2003; Wahn o.fl., 2005). Náms- og starfsráðgjafar eru í lykilstöðu til að styðja stúlkur í þeim óvæntu atvikum sem koma upp á námsferlinum líkt og ótímabærar þunganir sem geta breytt áætlunum. Krumboltz og félagar tala um að einstaklingar þurfi að geta gert ráð fyrir tilviljunum

(e.chance) sem geta haft áhrif á starfsþróun og mikilvægt er að geta meðtekið þau tækifæri og nýjar upplýsingar þegar slík atvik koma upp (Mitchell, Levin og Krumboltz, 1999). Með því að styðja mæður í aðlögun námsins að barneignum geta náms- og starfsráðgjafar dregið úr líkum á brotthvarfi þeirra úr námi.

Gott aðgengi að náms- og starfsráðgjöfum innan skóla reynist mikilvægur verndandi þáttur í innra starfi skóla gegn brotthvarfi. Rannsóknir sýna ennfremur að nemendur sem hafa hlotið náms- og starfsfræðslu á skólagöngu sinni upplifa aukna trú á eigin getu, geta tekist betur á við þær hindranir sem mæta þeim í náminu og eiga árangursríkari námsferil í samanburði við þá nemendur sem ekki hafa hlotið slíka fræðslu (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2000, 2005; Turner og Conkel, 2010). Með markvissri náms- og starfsfræðslu er hægt að auðvelda nemendum að taka ákvarðanir um framtíðar starfsþróun (Guðbjörg Aðalbergisdóttir, 2006; Menntamálaráðuneytið, 2007). Þannig geta einstaklingar fengið vissa yfirsýn yfir valkosti sem í boði eru, leiðrétt ósamræmi hugsana um eigin færni og dregið úr hindrunum sem á vegi verða ásamt því að auka trú á eigin færni og stuðla að jákvæðari væntingum um árangur (Auger, Blachurst og Wahl, 2005; Lent, 2005; Lent og Brown, 2001; McWhirter, Rasheed og Crothers, 2000; Carduso og Marques, 2008). Gæti því aðgengi að náms- og starfsráðgjöfum reynst ungum mæðrum vel.

Til þess að sporna gegn því að konur sitji eftir á valdi áður nefndra kynhlutverka og staðalímynda vinnumarkaðsins er mikilvægt að veita þeim sérstakan stuðning og hvatningu (Betz, 2005). Konur þurfa stuðning til þess að byggja upp trú á eigin getu og þannig auðveldað ákvarðanatöku í starfsvali. Auk þess þurfa konur að finna að þær geti samþætt aðra þætti lífsins og starfsferilinn og fundið að þær geti valdið öllum lífshlutverkum sínum, hvort sem það er að vera góð móðir, námsmaður eða starfskraftur (Hackett og Betz, 1981; Lent o.fl., 2002; Mercer, 2004).

Ungar mæður mæta fjölmörgum félagsmótandi, hugarfarslegum og samfélagslegum hindrunum og getur skortur á menntun takmarkað stöðu þeirra á vinnumarkaði. Barneignir á unga aldri þurfa þó ekki að koma í veg fyrir að mæður haldi áfram að mennta sig eftir barneign og öðlast jákvæða og ánægjulega starfsþróun. Með úrræðasemi, seiglu og nýtingu alls þess stuðnings sem til boða stendur, eiga mæður

frekari kost á að komast í gegnum hindranir sem á vegi verða og ná þeim starfstengdu markmiðum sem sett eru.

2 Aðferð

Í rannsókninni var notast við eigindlega nálgun (e. qualitative research methods). Eigindlegar rannsóknaraðferðir þykja heppilegar þegar skoða á einstaklinga í sínu daglega umhverfi, upplifun þeirra, hegðun og reynslu. Þar sem markmið rannsóknarinnar er að kanna upplifun og reynslu ungra mæðra á hindrunum í náms- og starfsferli, var eigindleg nálgun talin henta viðfangsefninu vel (Hennink, Hutter og Baily, 2011). Við rannsóknina var notast við opin einstaklingsviðtöl (e. in-depth interview), en með þeim er hægt að öðlast dýpri skilning á reynslu og upplifun þátttakenda rannsóknarinnar (Hennink, o.fl., 2011). Með þessari nálgun geta viðmælendur tjáð sig með eigin orðum um líf sitt, tilfinningar og skoðanir (Esterberg, 2002; Kvale og Brinkman, 2009).

2.1 Þátttakendur

Tekin voru sex hálf-stöðluð einstaklingsviðtöl (e. semi-standardized interviews) við mæður á aldrinum 18 til 24 ára sem voru ýmist í atvinnuleit eða fengu fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélaga. Val á þátttakendum fór fram með markvissu úrtaki (e. purposive sampling), en með þeirri aðferð eru einstaklingar valdir sem geta gefið góðar og haldbærar upplýsingar um rannsóknarefnið (Esterberg, 2002). Skilyrði þátttöku voru upphaflega þau að mæður þurftu að teljast atvinnulausar í sex mánuði eða fleiri. Miðað var við aldurinn 18-22 ára vegna þess mæður á þessu aldursbili flokkast sem ungar mæður í íslensku samfélagi, en meðalaldur frumbyrja er nú 27,7 (Hagstofa Íslands, 2017a).

Í ljós kom að ekki voru nægilega margar konur á skrá Vinnumálastofnunar sem mættu þessum skilyrðum og vildu taka þátt og var því ákveðið að rýmka viðmiðin. Ákveðið var að leita eftir mæðrum á aldrinum 18-24 ára og að þær hefðu verið í atvinnuleit í fjóra mánuði eða meira eða annarri fjárhagsaðstoð. Við eftirgrenslan samþykktu sex ungar konur sem höfðu orðið mæður á aldursbilinu 16-21 árs (miðgildi 18 ár) að taka þátt í rannsókninni. Hér að neðan verður gerð grein fyrir högum kvennanna, en nöfnum þeirra var breytt til þess að tryggja trúnað og nafnleynd.

Bryndís er 23 ára einstæð móðir með eitt barn sem nálgast leikskólaaldur. Hún varð ófrísk 21 árs eftir sex mánaða samband. Upp úr sambandinu slitnaði fljótlega eftir fæðingu barns. Bryndís var brotthvarfsnemandi og hafði ekki lokið neinu námi en hugaði

að námi á komandi ári. Hún hafði verið atvinnuleitandi í átta mánuði þegar viðtalið var tekið. Barnsfaðir hennar hafði ekki ákveðna umgengisdaga en hitti barnið reglulega.

Oddný er 24 ára einstæð móðir með tvö börn, eitt á skólaaldri og annað á leikskólaaldri. Hún varð þunguð 16 ára gömul og hóf sambúð með barnsföður sínum, en henni lauk þegar barnið var nokkra mánaða. Þau deildu umsjá barnsins og var umgengnin vika og vika. Seinni þungun hennar var fyrirfram ákveðin þegar hún var 22 ára, en sambandi við barnsföður lauk fljótlega eftir fæðingu barnins og hafði hann lítið samband. Hún átti gloppóttan námsferil að baki og hafði ekki lokið framhaldsskólamenntun. Hins vegar hafði hún staðist tvö lengri starfstengd námskeið. Hún ætlaði sér ekki í nám í náinni framtíð en hafði skýr framtíðaráform. Hún hafði verið í atvinnuleit í sjö mánuði þegar viðtal fór fram.

Helena er 24 ára einstæð móðir með tvö börn, bæði á leikskólaaldri. Fyrri þungunin var velkomin þegar hún var nítján ára, en hún hafði ekki fyrirhugað seinni þungun sem varð stuttu eftir fyrri fæðingu. Sambandi við barnsföður lauk þegar yngra barn var tveggja mánaða og deildu þau umgengni í viku og viku. Helena hætti námi í framhaldsskóla en hafði gert nokkrar tilraunir til þess að ljúka námi. Hún átti einungis örfárar einingar eftir til þess að útskrifast. Hún stefndi á að ljúka framhaldsskólamenntun og hefja háskólanám að því loknu. Hún hafði þegið atvinnuleysisbætur í níu mánuði þegar viðtalið fór fram en hafði þá skráð sig af bótum og farið á endurhæfingarlífeyri.

Rebekka er 24 ára þriggja barna móðir og átti von á sínu fjórða barni. Elsta barnið er á skólaaldri en yngri á leikskólaaldri. Hún hafði verið í sambandi við barnsföður sinn í sjö ár. Allar hennar þunganir voru fyrirfram ákveðnar og kom fyrsta þungun til eftir þriggja mánaða samband þegar hún var sautján ára. Hún hafði ekki lokið framhaldsskólanámi en átti einungis eitt misseri eftir til þess að útskrifast. Einnig hafði hún lokið stuttu starfsnámi. Hún áætlaði að ljúka stúdentsprófi á næstu árum, en var ekki ákveðin með frekara nám. Hún var í veikindaleyfi frá vinnu vegna þungunar þegar viðtal fór fram.

Sigrún er 24 ára þriggja barna móðir. Tvö eldri börnin eru á skólaaldri en yngsta á leikskólaaldri. Hún hafði verið í sambandi við barnsföður sinn í níu ár. Fyrsta þungun var við 16 ára aldur og var óákveðin en velkomin, seinni börnin voru fyrirfram ákveðin. Hún hafði ekki lokið framhaldsskólanámi en gert nokkrar tilraunir til þess með kvöldskóla og

fjarnámi. Vegna andlegra veikinda var hún á örorkubótum en hafði ekki ákveðið hvað hún ætlaði að gera í nánustu framtíð, mestmegnis vegna umönnunar eins barns hennar sem var langveikt.

Guðrún er 22 ára einstæð móðir með eitt barn á leikskólaaldri. Hún varð þunguð þegar hún var tvítug og hafði aldrei verið í föstu sambandi við barnsföður sinn. Hann hafði ekki fasta umgengisdaga en þau ákváðu í sameiningu hvenær hann fengi barnið í sína umsjá. Guðrún lauk ekki grunnskólanámi og hafði hætt framhaldskólanámi. Hún hóf framhaldsskólagöngu í tvígang en hætti í bæði skiptin á miðju skólaári. Hún stefndi ekki á nám í nánustu framtíð og hafði verið í atvinnuleit í sex mánuði þegar viðtal fór fram.

2.2 Framkvæmd rannsóknar

Vinna við rannsóknina hófst í apríl 2017 og lauk í janúar 2018. Á haustmánuðum fór fram leit að viðmælendum í samstarfi við ráðgjafa Vinnumálastofnunnar. Eftir það var haft samband við mögulega þátttakendur símleiðis þar sem tilgangur og fyrirkomulag rannsóknarinnar var útskýrt og þeim boðin þátttaka. Sex ungar konur samþykktu þátttöku og í framhaldi var ákveðin dagsetning og staður fyrir viðtöl.

Viðtölin fóru fram á heimilum þátttakenda frá miðjum til loka október 2017. Lengd viðtala voru á bilinu 40-60 mínútur og voru tekin upp á stafrænt upptökutæki. Í upphafi hvers viðtals var viðfangsefni útskýrt og skrifað var undir upplýst samþykki. Notast var við viðtalsramma (fylgiskjal 1) í viðtölunum sem byggði á kenningum og fyrri rannsóknum á viðfangsefninu. Viðtalsramminn er verkfæri rannsakandans til þess að stjórna viðtali og byggist ramminn á rannsóknarspurningum og miðar að því að svara þeim. Gæta þarf þess þó að viðmælandi fái að tjá óhindrað sínar upplifanir (Berg, 2009). Viðtölin hófust á því að fá upplýsingar um bakgrunn viðmælenda og fjölskylduhagi. Eftir það var farið í gegnum náms- og starfsferil bæði fyrir og eftir barneignir, líðan í námi og ástæður brottfalls. Einnig voru mæðurnar spurðar út í þunganir, stuðningsnet og hvaða hindranir þær upplifðu í náms- og starfsferli. Að lokum voru framtíðaráætlanir ræddar, væntingar til framtíðar og hvort menntun skipti máli í þeirra stöðu.

2.3 Úrvinnsla gagna

Afritun viðtala fór fram eins fljótt og auðið var. Fyrir hvert viðtal voru skráðar niður hugleiðingar rannsakanda í aðdraganda viðtalsins, væntingar og aðstæður. Í lok viðtals

voru skráðar niður þær hugleiðingar sem upp komu eftir viðtal, hvernig viðtal hafi gengið, hvað hafi verið það helsta sem stóð upp úr og mögulegar viðbætur við næsta viðtal. Einnig voru skráðar niður þær athugasemdir sem upp komu við afritun. Notast var við grundaða kenningu (e. grounded theory) við gagnagreiningu en hún hentar vel þegar leitast er við að útskýra viðhorf fólks og hegðun þess. Sú nálgun inniheldur verkferla sem leiða rannsakanda áfram um aðferðir gagnaöflunar og greiningu. Þetta ferli auðveldar úrvinnslu gagna og túlkun niðurstaðna (Esterberg, 2002; Kvale og Brinkman, 2009). Til þess að flokka og skilja gögnin var notast við kóðun. Með opinni kóðun (e. open coding) var leitað gaumgæfilega að hugtökum og þemum sem fram komu í frásögnum. Í framhaldi af því var yfirför gagna endurtekin með markvissri kóðun (e. selective coding). Markviss kóðun afmarkar þemu og hugtök enn frekar, þannig að hægt er að sjá hvaða atriði eiga sér stoð í gögnunum, og þemum skipt niður í megin- og undirþemu (Hennick o.fl, 2011). Að lokinni úrvinnslu gagna var hljóðupptökum og afritun af viðtölum eytt.

3 Niðurstöður

Tilgangur þessarar rannsóknar var að skyggast inn í reynsluheim ungra mæðra, að öðlast dýpri skilning á persónulegum og félagslegum aðstæðum þeirra og skynjun þeirra á hindrunum í starfsþróun.

Niðurstöður skiptast í þrenn yfirþemu og þeim er síðan skipt niður í þrjá meginkafla. Fyrsti kaflinn heitir *Skólaganga*, þar sem fjallað verður um áhrif fyrirmýnda og viðhorf foreldra til náms, líðan í fyrra námi og þá námslegu erfiðleika sem viðmælendur stríddu við og höfðu áhrif á námsgengi og viðhorf til náms. Að lokum verður fjallað um brotthvarf þeirra úr framhaldsskóla og ástæður þess. Annar kaflinn heitir *Sambætting fjölskyldulífs og vinnu*, og verður fjallað um hvernig ábyrgð á uppeldi og heimilisstörfum hefur áhrif á starfsþróun og hvernig starfsval er háð dagvistun barna. Þriðji og seinasti kaflinn heitir *Mikilvægi stuðnings*, þar er fjallað um stuðningsþarfir ungra mæðra á náms- og starfsferli.

3.1 Skólaganga

Allir viðmælendur höfðu horfið úr námi og ekki lokið framhaldsmenntun að svo stöddu. Þegar námsferill viðmælenda var skoðaður komu eftirfarandi þrenn undirþemu í ljós: *Áhrif fyrirmýnda, námserfiðleikar og brotthvarf úr námi.*

„Þau settu aldrei neinar kröfur og ég fékk bara alveg að ráða“

Foreldrar eru fyrirmýndir í lífi barna sinna og þegar viðmælendur ræddu starfsþróun foreldra sinna og viðhorf þeirra til náms, kom í ljós að annað eða báðir foreldrar þeirra voru með litla formlega menntun. Langflestir foreldranna voru einungis með grunnskólamenntun utan móður Helenu og föður Rebekku sem höfðu iðnmenntun. Faðir Helenu var háskólamenntaður en hún ólst ekki upp hjá honum. Viðhorf foreldra til náms var yfir höfuð jákvætt en þó virtist ekki hafa verið lögð mikil áhersla á menntun, og engar kröfur gerðar um frekara nám í lok grunnskóla. Bryndís sagði foreldra sína hafa verið mjög „líbó“ og leyfðu henni bara alveg að ráða. „Þau voru mjög frjálstleg með þetta bara.“ Oddný hafði sambærilega sögu að segja:

Það voru aldrei settar neinar kröfur á mig að fara í skóla. Aldrei neitt svoleiðis. Mamma mín og pabbi eru eldri og svolítið bara af gamla skólanum og það voru ekkert allir að fara í skóla þegar þau voru yngri. Það var aldrei... þau gátu aldrei

hjálpað mér með heimavinnuna heima eða neitt... eða vissu ekkert hvað þetta var einusinni.

Sigrún tók undir og sagði: „Nei það bara virtist ekki skipta miklu máli hvort ég fór í skóla eða ekki. Ég fékk bara held ég að ráða.“

Konurnar töluðu um að foreldrar sínir hafi bara stutt þær í hverju sem þær ákváðu. Sigrún sagði að foreldrar sínir yrðu mjög stolt ef hún myndi klára eitthvað nám en „ég held að þeim finnst menntun ekki skipta miklu máli þannig séð“. Rebekka tók í sama streng:

Þau hafa aldrei sett neinar kröfur á mig en hafa alltaf hvatt mig til að þúst... klára nám og allt þess háttar. Þannig að þeim finnst það alveg mikilvægt en þau hafa alltaf stutt mig sama hvað ég tek mér fyrir hendur. Ég ákvað að hætta og þau bara studdu mig við það og sögðu í raun ekkert mikið við því. Þau vildu bara að ég tæki þetta á mínum hraða.

Þó viðhorf foreldra til menntunar hafi yfirleitt verið jákvætt þá er það ekki þannig í öllum tilvikum. Bryndís talaði um að móðir hennar hafi ekki haft mikið álit á menntun og fundist hún jafnvel óþörf. Hún sagði að móðir sín hafi talað niður til menntunar í hennar eyru og hafði þau áhrif að Bryndísi fannst óþarft að leggja á sig í námi:

„Henni fannst þetta vera voða svona... mikið af því sem við vorum læra vera bara eitthvað sem við þurfum ekki að nota og segir að þetta sé bara kjaftæði... og segir þetta ennþá í dag.“

Bryndís sagði ennfremur að þegar kom að heimanámi þá hafi móðir hennar aldrei getað aðstoðað hana og alltaf vísað á föður hennar. Með því fylgdu oft orð um það til hvers hún væri að læra þetta, hún kæmi aldrei til með að þurfa að nota þetta í framtíðinni. Bryndís tileinkaði sér þessi neikvæðu viðhorf til náms og mætti hún gjarnan í skólann og neitaði að læra því „þetta var hvort sem er allt kjaftæði“. Bryndís sagði að hún vildi óska þess í dag að móðir hennar hefði haldið þessum viðhorfum sínum fyrir sjálfa sig, vegna þess hve alvarlegar námslegar afleiðingar þetta hafði fyrir hana. Guðrún hafði orð á að móðir sín, sem hún bjó hjá gerði aldrei neinar námslegar kröfur á hana þegar hún var yngri en faðir hennar hafi þó oft bent á að hún hefði betur menntað sig:

Ef þú hefðir klárað skólann þá gætiru hitt og þetta... ef þú hefðir menntun þá værirðu ekki að lenda í þessu. En þegar ég var í skóla þá var aldrei neitt nógu gott fyrir hann. Ég setti kannski markmiðið á sexu en hann vildi ekkert nema níur eða níu fimm. Þannig það féll alltaf um sjálft sig. Það var aldrei neitt nógu gott.

„Skóli er bara ekki fyrir mig“

Þegar viðmælendur ræddu upplifun sína af námi kom í ljós að mörgum þeirra leið ekki vel í skóla. Þær upplifðu sumar hverjar mikla vanlíðan vegna persónulegra, félagslegra og námslegra erfiðleika. Oddný, Guðrún og Bryndís ræddu um að hafa liðið mjög illa í grunnskóla, þær urðu fyrir einelti og hafi það sett stórt mark á viðhorf þeirra til skóla. Bryndís talaði um „fáránlega mikinn létti“ að losna úr grunnskóla og Oddný lýsti reynslu sinni af grunnskóla á þennan hátt:

Fyrstu fimm árin gekk mjög vel og ég átti mikið af vinum. Fluttum svo í bæinn og skipti um skóla. Þar gekk vel fyrst svo dó systir mín og þá varð ég bara barn sem átti erfitt skiluru og krakkar ekkert endilega kunna að díla við það og þá bara einhvernveginn fór allt á niðurleið og ég var lögð í mjög mikið einelti frá sjötta til áttunda bekk held ég.

Eftir þessa upplifun var Oddný sár og reið og lokaði sig alveg af. Þegar hún flutti á nýjan leik og skipti aftur um skóla þá ákvað hún að hleypa engum að sér og vildi ekki gefa neitt af sér af ótta við að lenda aftur í einelti:

...Svo fluttum við og þá var ég bara orðin þannig að ég vildi ekki eignast neina vini í skólanum og vildi ekki taka þátt í neinu félagsstarfi í skólanum... svona sjálfsverndun. Það var ekkert að í skólanum þar en ég var bara alveg búin að loka... ég ætlaði ekki að láta koma illa fram við mig, þannig að ég vildi ekki bonda við neinn.

Meirihluti kvennanna áttu það sameiginlegt að hafa lent í áfalli á grunnskólaárum eða á unglingsárum sem höfðu mikil áhrif á þeirra andlegu líðan. Bæði Helena og Oddný misstu foreldri á seinnihluta grunnskólagöngu og hafði Oddný fyrir það misst systur. Helena lýsti sjálfri sér sem „troubled ungri stelpu“ eftir móðurmissi og að það hafi stór partur af henni farið með mömmu sinni. Hinir viðmælendur ræddu mikla erfiðleika í fjölskyldunni, alvarleg slys systkina, skilnaði foreldra, geðræn vandmál og fíkniefnavanda fjölskyldumeðlima.

Allar konurnar lýstu námserfiðleikum af ýmsum toga sem gerðu þeim erfitt fyrir á skólagöngunni. Þrjár voru greindar með lesblindu, tvær með talnablindu og áttu því mjög erfitt uppdráttar í raungreinum. Flestar ræddu mikinn prófkvíða og höfðu sambærilega reynslu af erfiðleikum með að þreyta próf. Bryndís lýsti prófkvíðanum svona:

Ég bara settist inn í próf og mundi ekki neitt, datt allt úr hausnum á mér. Sama hvað ég lærði mikið og hafði allt á hreinu... bara þegar ég átti að skrifa þetta niður þá mundi ég ekki neitt.

Oddný tók í sama streng og sagði:

Mér gekk vel að læra í tímum. Fékk alltaf góðar umsagnir og góðar einkunnir úr kaflaprófum..en svo mætti ég í próf og það var bara eins og ég hafi aldrei lært eða heyrt neitt um þetta áður og fékk bara tvo eða þrjá... bara hvarf allt úr höfðinu á mér.

Sigrún var greind með talnablindu um tvítugt og skýrði það margt fyrir henni í sambandi við erfiðleika með stærðfræði og bókfærslu. Hún hafði alltaf átt erfitt með stærðfræði frá því hún mundi eftir sér og talaði um að hún hafi alltaf verið sein að læra allt sem tengdist tölum og skildi aldrei námsefnið nema allt væri matað í hana:

Mér gekk vel í flestum fögum, en þegar það kom að stærðfræðinni þá bara strandaði allt... eða í fyrstu þremur tímum gekk vel, ég mætti alltaf en svo bara einhvern veginn virtist ég ekki skilja þetta og þetta varð alltaf erfiðara og erfiðara... og ég bara féll eða hætti.

Meirihluti kvennanna voru með fleiri en eina greiningu sem höfðu háð þeim á skólagöngunni og virtist sem í flestum tilvikum að greining hafi fengist seint og þær því ekki fengið viðeigandi námsaðstoð. Oddný segir:

Ég er líka bara ADHD, ofvirk og lesblind og með tölublindu og fékk aldrei neinar greiningar... fékk greiningu um að ég væri lesblind en aldrei neitt annað. Fékk ADHD greiningu þegar ég var tvítug, þannig að ef ég hefði fengið það þá hefði mér kannski gengið betur og náð að hjálpa mér eitthvað... en það var ekkert svoleiðis.

„Það þarf bara svo margt að smella svo ég komist aftur í nám“

Viðmælendur luku grunnskóla með misjöfnum árangri og luku tvær þeirra ekki samræmdum lokaprófum. Allar hófu þó framhaldskólanám í kjölfar grunnskólaloka en entust mislengi í náminu. Allar konurnar fyrir utan eina hættu námi á fyrsta ári framhaldsskólans en Rebekka hætti á seinasta misseri námsins. Síðan þá höfðu flestar gert fjölmargar tilraunir til þess að hefja aftur nám og klára stúdentspróf en ekki gengið enn sem skyldi. Þær höfðu flakkað á milli fjölbrautaskóla, farið í kvöldskóla, sumarskóla, stundað fjarnám, farið á endurmenntunarnámskeið og ein þeirra fór í háskólabrú.

Þegar þær voru inntar eftir ástæðu brotthvarfs úr skóla kom í ljós að einungis ein nefndi þungun sem ástæðu brotthvarfsins. Allar hinar höfðu horfið frá námi áður en til

þungunar kom. Ástæður brotthvarfsins voru misjafnar en áhugaleysi virtist vera algeng ástæða. Helmingur viðmælenda ræddi lítinn áhuga á skólanum, að félagslífið og djammíð hefði tekið við og þær að lokum fallið á mætingu eða ekki mætt í lokaprófin. Oddný talaði um að hana „hafi bara ekkert sérstaklega langað að vera í skóla en vissi ekkert hvað mig langaði að gera“ þannig að hún ákvað að byrja bara og sjá svo til. Rebekka rak hins vegar ástæðuna til lesblindunnar og taldi að námsleiði hafi þróast út frá því að þurfa að „ströggla meira en aðrir við námið“. Hún tók sér pásu eftir fyrstu tvö árin og fór í Hússtjórnarskóla, hélt svo aftur í námið en hætti á lokamisseri framhaldsskólans. Hún fékk óhentuga stundatöflu sem hafði þau áhrif að hún mætti minna í skólann og fór að vinna meira þess í stað:

Mér bara fannst gaman að vinna. Það hentaði mér bara betur. Vegna lesblindunnar átti ég alltaf pínulítið erfitt með námið, en þótt ég gat alveg stundað það en þurfti að hafa meira fyrir því... það er líka svona ein ástæða fyrir að maður datt úr skólanum... af því að maður einhvernvegin fékk námsleiða. Eftir að hafa að fara í húsmæðraskólann... því það er svona verklegt, þá svona setti ég stórt spurningamerki með hvort ég væri á réttri braut... hvort þetta væri rétta brautin eða hvort ég ætti að fara í eitthvað annað... iðnnám kannski. Til dæmis þegar ég var í grunnskóla heillaðist mjög mikið að smíði og allskonar svoleiðis, þannig að það var bara stórt spurningamerki. Þannig að ég ákvað að taka pásu og fara að vinna... því það heillaði mig meira þá... eins og ég segi... svo bara festist ég á vinnumarkaðnum í stað þess að klára.

Sigrún var eini viðmælandinn sem nefndi þungun sem aðalástæðu fyrsta brotthvarfs úr námi. Hún lauk fyrsta misseri framhaldsskólans með ágætum árangri en á öðru misseri komst hún að þungun sinni:

Fyrri önnin gekk ágætlega en seinni önnin gekk mjög illa [...] þá var ég orðin ólétt og ég bara gat ekki einbeitt mér að náminu. Ég sem sagt klára aðra önnina en féll í flest öllu og svo eignast ég barnið í september.

Flestar mæðurnar höfðu margsinnis reynt við að ljúka framhaldsskólamenntun en mistekist. Helenu fannst hún vera „niðurlægð, þreytt og fúl“ eftir margar misheppnaðar tilraunir. Hún upplifði sig bugaða, litla í sér og reif sjálfa sig niður fyrir að geta ekki klárað námið eins og allar vinkonur hennar höfðu gert.

Allar konurnar lýstu áhuga sínum á að klára nám en höfðu margar hverjar ekki trú á að þær gætu það. Oddný talaði um að hún væri þreytt á að falla alltaf og sá að lokum engan tilgang í að halda áfram að reyna við að útskrifast:

Ég fór í fjarnám og er búin með ensku 202. Það er það eina sem ég er búin með. Ég tók líka sögu og fékk að fara tvisvar sinnum í lokaprófið. Ég var bara búin að fá áttur, níur og tíur í verkefnaskilum og hlutaprófum... en fór svo í lokaprófið vel lærd og fékk bara tvo [...] og fór bara grátandi út. Fékk að koma aftur en það var bara sama sagan alltaf.

Sigrún fann fyrir miklum efasemdum um að hún gæti lokið námi vegna erfiðleika sinna með talnablindu og stærðfræði. Hún hafði farið í fjarnám en hætt eftir viku, en fór eftir það í menntastöðir við símenntunarstöð og gekk mjög vel:

Ég hafði mjög gaman að því, fékk góðar einkunnir [...] en mér tókst ekki stærðfræðin... eða gat ekki... en það er eftir [...] það bara strandar allt á stærðfræðinni. Væri væri alveg til í að fara í ýmislegt, og er alveg búin með ágætan grunn fyrir eitthvað... en það er bara allt stopp.

Sigrún taldi sig ekki getað yfirstigið erfiðleika sína í stærðfræði og hafði orð á því að hún væri föst á námsferlinum. Hún taldi sig ekki geta klárað neitt nám því það væri stærðfræði í öllu. Hún gæti vel hugsað sér að fara í háskólanám í framtíðinni en hún leggði ekki í stærðfræðina:

Oft hugsa ég að ég væri til í eitthvað háskólanám... en svo hugsa ég alltaf að [...] mér finnst það svo óraunhæft fyrir mig... ég veit ekki... ég er bara alveg viss um að ég komist ekki í gegnum stærðfræðina. Þá finnst mér hitt svo óraunhæft að hugsa um háskólanám.

Oddný og Helena upplifðu svipaðar tilfinningar en auk þess fannst konunum þær fastar í aðstæðum. Oddný talaði um sig langaði gjarnan í skóla en af því að hún átti við námserfiðleika að stríða þá þyrfti hún að skuldbinda sig algjörlega skólanum ef hún ætti að hefja nám og gæti ekki unnið neitt meðfram náminu. Hún hafði orð á því að eins og kerfið væri í dag, þá gæti hún einfaldlega ekki unnið og stundað nám samtímis. Hún lýsti því frekar á þennan hátt:

Ég væri ótrúlega til í að fara í skóla ef ég gæti það. En ég bara get það ekki. Ég er að leigja hér á 250 þúsund kall á mánuði, þetta er alveg mjög... já... maður getur ekkert mikið verið að leyfa sér hér á Íslandi [...] maður verður soldið að velja og hafna... ég gæti ekki... ef ég færi í skóla þá þyrfti ég bara að vera í skóla, ekki vera að gera neitt annað... bara að einbeita mér 100% að því.. en ég bara hef ekki efni á því, ég þarf að sjá fyrir mér og börnunum mínum.

Einnig upplifði Helena sig fasta í aðstæðum. Hún var einstæð með tvö börn, hafði ekkert bakland fjölskyldu og var föst á almennum leigumarkaði. Einnig stríddi hún við námserfiðleika, treysti sér ekki til að vinna meðfram námi og var þröngt sniðinn stakkur í

fjármálum. Taldi hún ljóst að mikið þyrfi að gerast til þess að hún kæmist á skólabeck. Vildi hún þó ekkert annað fremur enda hafði hún fundið sitt áhugasvið og var með skýra framtíðarsýn. Þegar hún varð þunguð af sínu öðru barni féll hún í háskólabrú og stóð frammi fyrir því að skulda námslán:

Ég varð svo rosalega lasin á meðgöngu, fæ króníska ælupest og ógleði og hérna [...] ég reyndi að klára. Var þrjósk og vildi ekki hætta. Þannig að ég reyndi að klára en ég féll, náði ekki nógu mörgum áföngum og skuldaði þá í bankanum.. í staðinn fyrir að fá námslánin. Það er ástæðan fyrir því að ég hef ekki komist í skóla síðan. Því ég get ekki farið í skóla án þess að vera með námslán og bankinn er ekki til í að brúa bilið á milli aftur ekki fyrr en ég er búin að borga þessar 700 þús krónur sem ég skulda. Og ég hef ekki efni á því að lifa á loftinu, borga leigu og leikskólagjöld og allt þetta þessa einu önn til þess að fá námslánin greidd svo ég geti borgað bankanum og tekið aftur námslán... þannig að ég er búin að vera mikið föst bara. Kemst hvorki aftur á bak né áfram.

Þegar niðurstöður *Skólagöngu* eru dregnar saman er ljóst að hindranir þessara mæðra voru fjölmargar í námsferli. Áhrif foreldra, viðhorf þeirra og kröfur til menntunar virtust skipta máli varðandi viðhorf og skuldbindingu við nám. Konurnar höfðu margar hverjar neikvæða reynslu af skóla. Allar höfðu þær upplifað félagslega eða persónulega erfiðleika á barnsaldri og áttu við námserfiðleika að stríða. Þessir námserfiðleikar höfðu ítrekað skilað þeim slökum námsárangri og margar hverjar tapað trú á námsgetu sinni eftir ítrekaðar tilraunir til náms. Oddný og Sigrún orðuðu það svo að nám væri bara ekki fyrir þær og höfðu þær litla sem enga trú á að komast í gegnum próf í erfiðustu fögunum. Fram kom þó að allar mæðurnar höfðu áhuga á að klára nám af einhverju tagi en aðstæður kæmu í veg fyrir að þær settust á skólabeck að nýju. Töldu þær upp ýmiskonar þætti sem komu í veg fyrir frekara nám og voru þættirnir oft margir og samverkandi sem gerðu stöðu þeirra veikari.

3.2 Samþætting fjölskyldulífs og vinnu

Allir viðmælendurnir höfðu unnið á milli námstilrauna. Flestar þeirra fóru á vinnumarkaðinn í kjölfar brotthvarfs úr námi og höfðu þess vegna öðlast talsverða starfsreynslu með árunum. Þegar samþætting vinnu og fjölskyldulífs var skoðuð komu eftirfarandi undirþemu fram: *Ójöfn skipting ábyrgðar milli foreldra og minni sveigjanleiki vinnutíma.*

„Hann tekur alveg þátt en yfirleitt leggst allt á mig“

Í tengslum við ábyrgð á barnauppeldi og heimilishaldi töluðu allir viðmælendur um að sú ábyrgð væri alfarið eða mestmegnis á þeirra herðum. Virtist þarna engu skipta hvort þær voru einstæðar eða í sambandi. Höfðu þær konur sem voru í samböndum orð á því að þannig hafi hlutirnir einfaldlega þróast. Makar þeirra voru í fullri vinnu og tóku þess vegna minni þátt inn á heimilinu. Rebekka ræddi að öll heimilisverk lögðust á hana, hún skutlaði börnum í skólann og sækta þau. Einnig sá hún um að elda og svæfa börnin. Hún vildi þó ekki taka það af manni sínum að hann sæi um „sitthvað annað sem skiptir líka máli“. Hann hjálpaði henni oftast að undirbúa háttatímamann en hún sæi um að koma börnunum niður. Hún tók fram að maki hennar vann oft frameftir og þess vegna væri það einfaldara að hún annaðist börnin, eldamennsku og háttatíma. Hún væri þá bara búin að elda og gera allt þegar hann kæmi heim „en hann fær alveg að ganga frá og svona eftir mat“. Hún útskýrði að vegna fæðingarorlofs þá væri hún meira heima fyrir og þá leggðist ábyrgðin mestmegnis á hana. Þegar hún var spurð hvernig hún sæi ábyrðina skiptast þegar hún snéri aftur á vinnumarkað svaraði hún: „Ég held að þá verði það bara eins [...] hann tekur alveg þátt en oftast er er það bara ég sem geri allt.“ Sigrún nefndi einnig ójafna skiptingu heimilisverka og ábyrgðar á börnum. Hún tók fram líkt og Rebekka, að vegna örorkumats og þar með meiri heimveru, væru þessir hlutir frekar í hennar verkahring heldur en eiginmannsins vegna þess að hann væri í fullri vinnu en ekki hún. Þegar hún var innt eftir því hvernig heimilisverkum var háttað þegar hún var á vinnumarkaði eða í skóla, kom í ljós að þá voru hlutirnir nákvæmlega eins. Hún sá um flest allt á heimilinu en makinn hafði tekið einhvern þátt þegar hann var beðinn.

Guðrún, Oddný og Bryndís héldu einar heimili og voru mestmegnis með börnin. Barnsfaðir Bryndísar var bæði í vinnu og námi og kom þegar hann er í vaktافرí og eyddu þau þá tíma saman. Barnsfaðir Guðrúnar var með iðnmenntun og vann mikið á kvöldin. Hann var í vaktavinnu og nýtti stundum frídaga sína í samveru með barninu og tók það stundum á fríhelgum yfir nótt. Þegar hún var spurð að því hvort að þau stefni að því að festa umgengisdaga svaraði hún: „Við ætluðum að gera það, en vinnuplanið hans er svona vinna í þrjá daga og frí í tvo þannig að það er soldið erfitt.“ Sama virtist vera upp á teningnum hjá Bryndísi og barnsföður hennar þegar hún var spurð um fyrirætlanir um umgengni í framtíðinni:

Neiii, hann svona kemur og tekur hann stundum. Hann ætlaði alltaf að taka hann á föstudögum og vera með hann yfir helgi, en það hefur ekki orðið ennþá. Við gerum oftast bara eitthvað saman þegar hann kemur.

Barnsfaðir Helenu tók börnin sín aðra hvora viku. Hann var menntaður og rak eigið fyrirtæki sem gekk vel. Þegar þau voru í sambúð þá eignuðust þau börn með stuttu millibili. Barnsfaðir hennar lagði mikla áherslu á að sjá fyrir þeim og ákvað þess vegna að geyma fæðingarorlof sitt. Við það lagðist öll umönnun tveggja mjög ungra barna alfarið á Rebekku. Á þessum tíma upplifði hún mikla vanlíðan og fannst hún vera að sligast undan álagi:

Hann var bara alltaf að vinna. Mér var bara hent út í það að vera heima með ungabarn, skíthrædd. Klóraði mig þó út úr því, varð óvart ólétt aftur... var heima með eldra barnið á meðgöngu að reyna að læra eitthvað [...] að ná Keili. Svo fæddist hún, fékk slæmt bakflæði og hún svaf ekki í fjórar vikur... ég var bara á barmi taugaáfalls... svo svaf hann bara á sínu græna eyra á næturnar. Mér fannst ég svo ein að ég var að kafna. Það var enginn stuðningur, ekki neitt. Ég grátbað hann einu sinni um að vera heima eftir að hafa ekki sofið í nokkra daga. Hann neitaði mér og skildi mig eftir hágrátandi með barnið heima, lofaði að koma heim snemma en gerði það ekki. Hans vinna gekk framár öllu.

„Ég bara verð að fá vinnu til fjögur“

Þegar mæðurnar voru spurðar út í óskir sínar um störf kom í ljós að allar sóttust þær eftir störfum sem buðu upp á dagvinnutíma. Töldu þær sá vinnutíma þann eina sem þær gætu unnið og kom annar vinnutími ekki til greina.

Þegar þær voru spurðar út í ástæður þess þá var skýringin sú að það væri vegna skóla- og dagvistunartíma barnanna. Þær urðu að geta sótt börnin og sinnt þeirra þörfum. Oddný sagði að hún væri dugleg að vinna og lýsti sjálfri sér sem „vinnualka“. Hún varð móðir 16 ára en hafði þrátt fyrir það alltaf sett vinnuna fram yfir allt og oft á kostnað barna sinna. Hún taldi hins vegar að nú væri komið að skuldadögum. Eldra barn hennar hafði mikið verið í pössun frá því hún fæddist vegna vinnutíma Oddnýjar og verið mikið meira hjá föður sínum en henni. Vegna þessa hafði Oddný fundið fyrir skorti á tengslum við barnið og fannst eins og barnið væri reitt út í hana og fann fyrir höfnun frá því. Hún sagði að núna vildi hún reyna að bæta tengslin og vera meira til staðar fyrir barnið. Þess vegna lagði hún mikla áherslu á að vera búin í vinnunni þegar barnið kæmi heim úr skóla. Hún hafði mikla starfsreynslu og yfirleitt gengt yfirmannstöðum. Henni hafði boðist nokkur atvinnutilboð en þurft að hafna þeim vegna vinnutíma:

Ég er alveg búin að fá boð en þá hentaði vinnutíminn ekki. Mér var boðin góð yfirmannstaða með flott laun en vinnutíminn var 10-18 og ég bara get ekki verið að gera mömmu það að passa fyrir mig á hverjum einasta degi. Það er bara ekki hægt. Ég bara verð að fá vinnu til 16.

Rebekka var í samskonar stöðu og ætlaði ekki að velja sér starfsvettvang þar sem unnið var á vöktum. Hún vildi einungis vinnu frá 8-16 eða minna. Sagði hún það barnanna vegna en hún vildi geta verið í fríi um helgar. Maki hennar er einnig í dagvinnu en vann oft lengur á daginn:

Hann stjórnar sér soldið sjálfur en er oft að koma seint. Þannig að það yrði ég sem yrði að vera bara 8-16 upp á að ná að sækja krakkan og ná að sinna heimilisstörfum og svona.

Guðrún og Bryndís litu einnig mest til vinnutímans þegar þær leituðu að starfi. Bryndís vildi líka einna helst að vinnustaðurinn væri nálægt heimilinu þannig að hún slyppi við umferðarþungann þegar hún þyrfi að sækja barnið í dagvistun. Guðrún sagðist einungis líta á störf sem væru til fjögur í augnablikinu og vildi fyrst láta á það reyna. Hún nefndi þó að fengi hún atvinnutilboð þar sem vinnutími væri annar, þá væri mögulegt að láta það virka. Hún þyrfti þá að treysta á fjölskylduna til þess að sækja barnið í leikskólann á hverjum einasta degi en vildi reyna að komast hjá því. Sigrún taldi sig ekki geta unnið nema 50-70% vinnu í framtíðinni. Hún hafði tímabundið unnið á veitingastað í hádeginu, á milli ellefu og tvö, og fundist það of mikið. Hún lýsti meiri streitu, eins og hún kæmist ekki yfir verkefni dagsins. Henni leið stanslaust eins og hún ætti eitthvað eftir óklárað og gæti ekki valdið öllu því sem hún þurfti að gera. Olli þessi tilfinning henni vanlíðan, kvíða og streitu. Horft fimm til tíu ár fram í tímann sá hún þó fyrir sér að að geta snúið aftur á vinnumarkað, en þó aldrei í fulla stöðu.

Þó að hefðbundinn dagvinnutími þótti hentugastur fyrir þessar ungu konur þá var ekki þar með sagt að vandræðum varðandi samþættingu vinnu og fjölskyldu væri lokið. Helena var í dagvinnu áður en hún fór á atvinnuleysisbætur. Fyrir dagvinnu voru einungis grunnlaun í boði og varð hún þess vegna að taka að sér talsverða aukavinnu til þess að láta enda mætast. Hún segist hafa unnið mjög mikið á þessum tíma og verið undir „brjálæðislegu“ álagi. Hún talar um að álagið hafi verið mest þegar hún var með börnin og var hún að sligast undan því. Henni hafi fundist erfiðast að sameina dagvistunartíma og veikindi barnanna við vinnutímann:

Dóttir mín var hjá dagmömmu og hún opnaði á slaginu átta og lokaði á slaginu fjögur. Ég gat ekki fengið svigrúm í vinnunni þannig að ég var alltaf... eða það var alltaf verið að skamma mig og ég bara... hvað á ég að gera? Það er bara nístingskuldi sem að mætir mér þegar ég mæti í vinnuna og allir reiðir og ef að það voru veikindi þá var yfirmaðurinn minn [...] þúst ef ég hringdi og einhver var með ælupest eða eitthvað þá var bara sagt við mig: „Já þú bara verður að mæta.“ Það náttúrulega endaði á að ég trylltist. Ég var undir svo miklu álagi og mér var farið að líða svo illa og mér fannst vera svo mikið að bregðast bæði börnunum mínum og vinnunni. Ég bara gat ekki meir. Ég var að brotna niður herna og grét á kvöldin áður en ég fór að sofa af bugun og stressi og vanlíðan... bara útaf einmitt svona stressi og svona viðmóti. „Þú bara verður að mæta.“ Ég bara sagði „ég bara get ekki mætt. Sonur minn er ælandi, það er þriðjudagur og það er enginn að fara að passa núna.“ Pabbi þeirra er í vinnu, hann er með sínar vikur og ég með mínar. Ég er ekki með neitt stuðningsnet, ömmur eða afa eða neitt svoleiðis.

Eftir einhverja mánuði þá gafst hún upp og hætti í dagvinnu sinni og sótti um atvinnuleysisbætur. Hún fann að hún gat ekki meira, þetta var farið að hafa mikil áhrif á hennar andlegu líðan og börnin hennar. Eftir að hafa hætt dagvinnunni hafði slaknað á álaginu, hún sótt um í endurhæfingu og stefndi á nám að nýju á komandi ári.

Þegar niðurstöður um *Sambættingu vinnu og fjölskyldulífs* eru dregnar saman má heyra að mæðurnar bera meiri ábyrgð á barnaupheldi og heimilishaldi heldur en barnsfeður þeirra og makar. Virtist engu skipta hvort þær væru einstæðar eða í sambandi. Þær mæður sem voru í atvinnuleit voru mjög bundnar við vissan vinnutíma og litu einungis á fjölskylduvæn störf og vinnutíma. Settu þær þessar kröfur framar áhuga við starfsval. Þær mæður sem voru í samböndum þurftu að gera ráð fyrir tíma fyrir heimilisverkin, geta sinnt þörfum barnanna og sögðust jafnvel ekki getað unnið fulla vinnu vegna þessa. Makar þeirra hinsvegar voru í fullri vinnu og unnu jafnvel lengur á daginn. Einnig var áhugavert að sjá að þrátt fyrir að vera ekki í samböndum við barnsfeður sína þá þurftu tvær kvennanna samt sem áður að aðlaga starfsval sitt við vinnutíma þeirra. Barnsfeðurnir létu vinnutíma ekki aftra sér og réðu sig í kvöld- og vaktavinnur og þurftu mæðurnar þess vegna að taka á sig ábyrgðina á börnunum. Olli það því að þær áttu erfiðara um vik á vinnumarkaði og einnig með að fara aftur í nám. Feðurnir voru, líkt og mæðurnar, einstæðir en gátu samt leyft sér að velja störf eftir áhuga og hentisemi, jafnvel rekið eigið fyrirtæki. Þeir höfðu menntað sig, og voru jafnvel bæði í námi og vinnu. Mæðurnar töldu sig geta hvorugt. Einnig kom fram hvernig starfsval mæðranna var háð dagvistunartíma barna sinna. Gat það valdið mikilli togstreitu vegna ábyrgðar á börnum annarsvegar og vinnustaðar hinsvegar. Einnig kom

fram að laun kvennanna voru oft ekki há og dugði dagvinna ekki til að framfleyta þeim og þurftu þær því að taka að sér hlutastörf og svarta vinnu.

3.3 Mikilvægi stuðnings

Viðmælendur höfðu allar talsverðar stuðningsþarfir. Ræddu þær um þann stuðning sem þær höfðu og hvaða stuðning þær þyrftu að hafa til þess að ná árangri í starfsþróun. Í ljós kom að þær þurftu margþættan stuðning sem birtist í þremur skýrum undirþemum: *Stuðningur fjölskyldu, stuðningur velferðarkerfis og stuðningur menntastofnanna.*

„Maður getur þetta ekkert einn“

Viðmælendur voru spurðar hvaða stuðning þær telji ungar mæður þurfi til þess að þær gætu farið í nám eða starf sem þær óskuðu og hvað gæti hjálpað þeim að komast þangað sem þær stefna. Kom þá sterkt fram mikilvægi fjölskyldunnar varðandi barnapössun, peningahjálp og húsnæðisaðstoð. Helmingur mæðranna var með mikinn stuðning frá fjölskyldu en þar spiluðu mæður þeirra stærsta hlutverkið. Oddný talaði um að móðir hennar hjálpi henni með allt „sem betur fer“ og að móðir hennar ynni lítið vegna þess hve mikið hún hjálpaði henni með heimilið og börnin: „Hún er eiginlega bara tvöföld amma og tvöfaldur afi og hálfgerður pabbi líka. Hún fær þetta bara allt greyið.“ Rebekka var með þrjú börn og höfðu foreldrar hennar hjálpað henni gríðarlega mikið þegar kom að því að sækja börn í leikskóla og passa á meðan hún sótti vinnu. Einnig höfðu þau boðið henni ásamt fjölskyldu að búa frítt heima á meðan þau söfnuðu sér fyrir íbúð. Hún bar foreldrum sínum vel söguna og sagði þau vera hennar bakhjarlar „númer eitt tvö og þrjú“ og þau komu alltaf um leið og þörf var á aðstoð.

Foreldrar komu einnig sterkt inn þegar kom að fjárhagslegum stuðningi. Faðir Guðrúnar leyfði henni að búa við ódýra leigu í kjallaranum hjá sér og hefur faðir Helenu borgað tryggingu á leiguíbúð sem gerði henni fært að vera á leigumarkaðnum. Einnig hafði hann gefið henni peninga í lok mánaðar þegar þörf var á. Hún vildi þó standa á eigin fótum og var illa við að biðja um hjálp en gerði það einungis í neyð. Barnsfeður skiptu líka gríðarlega miklu máli:

Það er það sem skiptir í rauninni mestu máli... ef mæður eru einstæðar þá skiptir fjölskyldan mestu máli [...] en annars þarf maðinn að ýta á bakið að klára og taka þá meira þátt í lífi barnanna.

Fjórir viðmælenda voru einstæðar mæður og var umgengni barnsfeðra misjöfn. Oddný og Helena skiptu umgengni með barnsfeðrum sínum viku og viku. Þegar Helena var með börnin þurfti hún algjörlega að stóla á sjálfa sig því hún hafði ekkert bakland fjölskyldu varðandi aðstoð með börnin. Móðir hennar var látin og bjó faðir hennar úti á landi og þurfti hún þess vegna að „treysta 100%“ á sjálfa sig þegar hún var með börnin. Gat það reynst flókið og erfitt þegar kom að starfi og námi. Oddný átti tvo barnsfeður, annar „studdi vel við bakið“ á henni og hljóp undir bagga þegar þörf var á, en hún bar ein ábyrgð á yngra barninu. Barnsfeður Bryndísar og Guðrúnar höfðu hins vegar ekki fasta daga en komu þó þegar þeir áttu lausan tíma til þess að eyða með barninu. Í báðum tilfellum borguðu þeir vel með börnum sínum og studdu barnsmæður sínar fjárhagslega. Bryndís fékk að búa í íbúð fyrrverandi tengdaföður og borgaði lága leigu. Þó að Sigrún væri í sambandi þá var upplifun hennar sú sama og Helenu. Bæði hún og eiginmaður hennar áttu foreldra sem voru öryrkjar eða andlega veik og gátu ekki hjálpað mikið varðandi barnapössun eða öðru í fjölskyldulífinu. Sigrún var með þrjú börn og sagði að oft væri ótrúlega erfitt á köflum, en hún átti langveikt barn og krefjandi ungbarn:

Þetta er stundum svo yfirþyrmandi. Ég upplifi mikla streitu stundum og maðurinn minn líka. Okkur vantar svo stundum að komast bara aðeins út án barnanna og fá að anda aðeins, bara kannski að kíkja í bíó saman eða út að borða. Bara það er vesen. Það getur enginn komið og hjálpað og er í raun eini stuðningurinn stelpa hérna á móti sem ég borga fyrir að koma... og það er svo dýrt að oft tími ég því hreinlega ekki að fara neitt út. Ég meina... það kostar allavega 5.000 kall fyrir okkur í bíó og svo þarf ég að borga henni svona 5.000 kall fyrir þriggja tíma pössun. Þá er bíóferðin að kosta okkur 10.000 kall skiptið. Bara að fá smá pásu er erfitt hvaða þá að vera líka í vinnu eða námi. Ég veit ekki hvernig ég ætti að fara að á prófa- og verkefnatímum. Ég gæti ekki verið í fullri vinnu heldur.

„Þetta er bara svo illa fúnkerandi kerfi“

Fram kom að fjárhagslegur stuðningur skipti miklu máli fyrir möguleika mæðranna til náms, sérstaklega þær einstæðu. Þeim fannst svigrúmið lítið til þess að hefja nám og voru allar sammála um að þörf væri á kerfisbreytingum og auknum stuðningi. Helena tók fram að kerfið væri letjandi og ynni á móti fólki sem reyndi að gera betur:

Ég er í tilfallandi vinnu og reyni að vinna eins mikið og ég get til þess að hífa upp launin mín aðeins. Samt þarf ég að passa upp á að vinnan sé í lágmarki því annars missi ég húsaleigubæturnar, þær fara strax að skerðast og líka leikskólaafslátturinn. Það fer bara allt að skerðast ef ég bæti við mig smá vinnu og þá bara enda ég á núlli. Launin eru svo lág að í raun tapa ég á því að vinna meira. Í stað þess að gefa

fólki tækifæri til þess að hífa sig upp úr lágmarkslaunum og styðja þau í því með því að leyfa þeim að halda styrkjunum... þá bara byrjar allt að skerðast ef maður vinnur aðeins með. Það er ekki eins og maður geti dregið fram lífið á atvinnuleysisbótunum. Þetta er svo letjandi kerfi.

Flestar mæðurnar fundu einnig fyrir því hvernig fjárhagurinn takmarkaði möguleika þeirra til náms. Hærri námslán og hækkun húsaleigu- og barnabóta til þeirra sem væru í námi voru nefndar sem mögulegar lausnir. Oddný stakk upp á því að ríkið tæki upp veitingu námstyrkja eins og á öðrum Norðurlöndum:

Það væri eitthvað sem gæti liðkað [...] þannig að fólk geti verið í skóla og geti þá sleppt því að vinna með því. Það eru svo margir sem geta það bara ekki... þarna ertu bara að fá borgað fyrir að vera í skóla og það er bara ótrúlega gott kerfi... mjög gott... þá ertu án þess að hafa áhyggjur af öllu öðru. Þess vegna hef ég alltaf hætt í skóla... því ég get ekki stólað á að aðrir borgi [...] og ég myndi ekkert vilja það. Ég er bara það sjálfstæð að ég vil ekki að einhver annar borgi fyrir mig neitt og er aldrei að fara að biðja mömmu um að borga leiguna fyrir mig í nokkra mánuði eða eitthvað.

Ein viðmælanda bjó eigin íbúð, þrjár bjuggu inn á foreldrum sínum eða í íbúðum í eigu foreldra. Helena og Oddný voru hinsvegar á almennum leigumarkaði og lýstu þær ástandi hans og hvernig engin leið væri fyrir þær út. Þær gætu varla náð endum saman hvað þá safnað fyrir útborgun í íbúð. Oddný benti á að leiguverð væri svo hátt að námslán gætu engan veginn dugað fyrir húsaleigu og lifibrauði. Helena hafði ítrekað reynt að verða sér út um námsmannaíbúð til þess að geta snúið aftur í nám en hafði ekki haft árangur sem erfiði. Hún útskýrði að til þess að komast í niðurgreitt námsmannahúsnaði þá þyrfti hún að vera skráð í háskóla. Hún þyrfti hinsvegar að klára frumgreinadeild til að fá íbúð en hefði ekki efni á fornámi á meðan hún væri á almennum leigumarkaði:

Ég hef hringt á alla staði sem bjóða stúdentaíbúðir og alltaf fengið bara neikvæð svör..þetta kerfi er bara rosa illa fúnkerandi fyrir ungt fólk yfir höfuð..einstæðar mæður og feður, fjölskyldufólk sem er að reyna að mennta sig og er að reyna að gera einhvern andskotann í lífinu...

Flestar konurnar gagnrýndu velferðarkerfið og sögðu mikið hark að vera einstæðar mæður í dag. Þær töluðu um að mæður þyrftu að vita hvernig allt kerfið virkaði og hvað væri í boði allsstaðar, ekkert væri boðið fram eða auglýst um rétt þeirra til styrks. Helena sagðist vera orðin „kerfisfræðingur“ eftir tilraunir sínar til að sjá fjölskyldu sinni farborða. Töluðu mæðurnar um að þær þyrftu að leita uppi allt sem mögulega gæti

reynst hjálplegt og erfitt væri að fá á hreint hvaða rétt þær hefðu. Oft vissu sumar hverjar ekki að þær hefðu rétt á auka fjárframlögum eða styrkjum. Þær höfðu þá ekki orðið sér út um frekari upplýsingar og enginn kynnt þeim úrræði sem voru í boði. Sigrún tekur í sama streng varðandi rétt sinn vegna umönnunar langveiks barns og talaði um „að maður þyrfti að berjast fyrir öllu“.

Tvær konur tóku fram að tekjumörk væru alltof lág til þess að fá stuðning frá félagsþjónustunni. Þegar Helena var í menntaskóla vann hún mikið meðfram skóla til þess að geta lifað. Hún leigði bílskúr en átti ekki peninga fyrir mat eða klósettpappír. Hún talaði um að hafa verið að sligast undan álagi og fundið að hún réð ekki við ástandið. Þá sótti hún um námsstyrk hjá félagsþjónustunni til þess að geta minnkað vinnuna. Hún fékk tvívegis neitun og tók þess vegna til þess ráðs að hringja beint í menntamálaráðherra og tilkynnti honum að hún hefði ekki efni á klósettpappír og þyrfti þess vegna að notast við dagblöð, samt þætti hún of hálaunuð til þess að fá styrk til að halda áfram námi. Eftir það hafi hún fengið námsstyrkinn í gegn og hafi þá gengið betur í náminu. Hún segir harkið ekki minna eftir að hafa eignast börn:

Það er mikil hindrun að eiga börn en engan maka og fá lítinn stuðning frá kerfinu. Ég meira að segja sótti um tannlæknastyrk hjá féló. Ég fékk sýkingu í tönn og leið eins og róna því ég átti engan pening til þess að fara til tannlæknis [...] en það var sama sagan og áður, ég þótti hafa of há laun til að fá nokkuð. Þannig að það endaði á að ég fékk alltaf endalaus sýklalyf sem aldrei drápu samt sýkinguna. Ég veit bara ekki hvernig fólk á að gera þetta!

„Lífið er bara ekki one size fits all“

Konurnar töluðu allar um hvernig skortur á utanumhaldi og sveigjanleika innan menntakerfisins hafi gert þeim erfitt fyrir í þeim tilraunum sem þær höfðu gert til þess að ljúka frekari menntun. Spurðar út í hvernig stuðning þær þyrftu helst á að halda frá skólakerfinu var oftast meiri sveigjanleiki nefndur. Þær töluðu um að meira mætti vera um fjálsari mætingaskyldu, lotukerfi, sveigjanleika með verkefnaskil og meira utanumhald þegar á reynir. Allar voru þær sammála um það að ef skólakerfið gæti mætt þeim þar sem þær væru staddar þá myndi það talsvert auka líkur á útskrift:

Ég myndi alveg frekar leggja þessi fimm ár á mig... það væri allt öðruvísi. Það er miklu hentugra að geta stjórnað manni sjálfur og tekið þetta soldið í gegnum tölvuna og svona, einmitt ákveðið sjálfur soldið hvort maður mæti í tíma og svona.

Það væri auðvitað miklu betra því þá gæti maður líka verið að sinna öllu öðru líka...
ef að þess þyrfti.

Helena gagnrýnir stífleika í núverandi kerfi og segist óska þess að skólakerfið myndi
mæta henni á miðri leið sem ungri einstæðri móður með námserfiðleika og greiningar:

I wish... ég myndi ná að klára 100%... og líka bara [...] ef mér liði ekki eins og ég væri
rosa mikið tabú... að geta ekki verið með börn og klárað námið og bara allskonar
svona. Skólinn er bara með þessar reglur og ef þú getur ekki farið eftir þeim þá ertu
bara out... skiluru [...] og ég bara „ha...en ég er að reyna og ég er lasin með þessa
greiningu“. „Já ég meina en við erum með þessar reglur og þú ert bara out.“ Þá
líður manni eins og maður sé ekki neitt. Ekki þess virði að vera þarna inni... bara feill
í kerfinu.

Hún leggur til að skólakerfið leggi meira þúður í fjarnám og að kennarar séu duglegri að
setja gott námsefni á netið til þess að þær geti stundað námið meira heima. Einnig
gagnrýnir hún skort á að skólakerfið haldi utan um hvern og einn nemanda. Konurnar
taka flestar undir það og telur Sigrún meira utanumhald mikilvægast þegar kemur að því
að fleyta nemendum með námserfiðleika í gegnum nám. Henni fannst eins og kennarar
leggðu lítið upp úr því að grípa inn í þegar einkunnir færu að dala. Þó hún hafi haft mjög
jákvæða reynslu af menntastöðum hjá símenntunarstöð, þá hefði hún viljað að henni
hefði verið bent á ráðgjöf þegar hún fór að dragast aftur úr. Hún skammaðist sín fyrir
vanmátt sína í stærðfræði og hafði þess vegna ekki hátt um það en vissi ekki að starfs-
og námsráðgjöf gætu veitt henni aðstoð. Hefði hún viljað að kennari hefði boðið fram
aðstoð eða bent henni á ráðgjöfina þegar allt stefndi niður á við:

Já það þarf bara að styðja mann meira. Bara svo maður hellist ekki úr lestinni og
hætti bara. Kannski bara að annaðhvort að kennarinn hnippi í mann eða í
námsráðgjafa sem myndi svo kalla mann úr tíma á fund. Ég vissi ekki að maður gæti
bara pantað fund við þær. Núna er bara ekkert athugað með mann og maður bara
hverfur.

Helena ræddi um að skólakerfið í dag væri ekki til þess fallið að hjálpa fólki sem væri
ekki í „norminu“. Hún vildi meina að skólakerfið væri svona „one size fits all“. Hún talaði
um að viðhorf samfélagsins og menntakerfisins væri á þann hátt að fólk ætti að klára
nám áður en það stofnar fjölskyldur en það væri bara oft ekki þannig:

Ef það væri einhver önnur leið fyrir einstæða foreldra með börn.. að fólki líði ekki
eins og það hafi verið þeirra mistök að eignast börn svona snemma. Því það er talað
að þú eigir að fara í skóla fyrst og eigir að vera komin í eitthvað áframhaldandi nám

áður en þú eignast börn [...] en sumir fara bara aðra leið og það ætti að vera hægt að koma til móts við alla.

Þegar niðurstöður úr *Mikilvægi stuðnings* eru dregnar saman má sjá að allar mæðurnar nutu einhverskonar stuðnings frá fjölskyldumeðlimum. Stuðningurinn var þó misjafn og voru einstæðu mæðurnar nokkuð fjárhagslega háðar foreldrum sínum. Ábyrgð barnsfeðra skipti líka miklu máli og virtist vera mjög misjafnt hversu virkir þeir voru í umönnun barna sinna. Í tilvikum Guðrúnar og Bryndísar voru barnsfeður ekki með fasta umgengnisdaga og báru þær alfarið ábyrgð á börnunum, en barnsfeður þeirra að borguðu vel með börnum sínum og studdu mæðurnar meira fjárhagslega.

Fjórar konur voru á atvinnuleysisbótum, ein á örorkubótum og ein í fæðingarorlofi. Allar nefndu þær hversu lág upphæðin er og hversu erfitt það sé að láta enda ná saman. Þær mæður sem voru einstæðar sáu ekki fyrir sér að geta lifað á námslánnum einum og sér og þyrftu því að vinna meðfram námi. Það myndi gera þeim erfitt fyrir vegna skuldbindinga þeirra við börnin og námserfiðleika. Voru þær sammála um að geta ekki leyft sér að fara í nám þrátt fyrir löngun um slíkt. Lágur upphæðir bóta, skuldir og húsaleigumarkaðurinn kæmi í veg fyrir að þær gætu látið fjármálin ganga upp. Helena gagnrýndi einnig velferðarkerfið vegna þess hversu lítið þyrfti til að allur fjárhagslegur stuðningur frá hinu opinbera væri tekinn af þeim eða skertur verulega.

Allar mæðurnar voru þess fullvissar um að ef skólakerfið byði upp á meiri fjölbreytileika og sveigjanleika til að mæta þörfum fleiri nemenda, hefðu þær útskrifast fyrir eða gætu það í náinni framtíð. Töluðu þær sérstaklega um þörf fyrir frjálsari mætingu, meira námsefni á netinu, námslotur og einstaklingsmiðaðan stuðning. Þær voru meðvitaðar um kröfur samfélagsins um að stúlkur lykju námi fyrir barneignir og að skólakerfið gerði einungis ráð fyrir vissu „normi“. Mæðurnar upplifðu að þær pössuðu ekki inn í „normið“ og aðstæður þeirra væru öðruvísi en annarra kvenna, og þess vegna væri ekki gert ráð fyrir þeim innan skólakerfisins. Þær gagnrýndu „one size fits all“ viðhorf sem þeim fannst einkenna skólakerfið í dag.

4 Umræður

Þegar hindranir á náms- og starfsferli ungra mæðra voru skoðaðar kom í ljós að þær eru fjölmargar og margþættar. Engin af mæðrunum höfðu lokið framhaldsskólanámi. Þær áttu allar við ýmsa námserfiðleika að stríða sem gerði þeim erfitt fyrir í námi og urðu til þess að þær hættu áður en til útskriftar kom. Einnig spiluðu þar inn í áhrif foreldra, viðhorf til náms og skortur á skuldbindingu við námið. Ennfremur höfðu þær allar gengið í gegnum persónuleg áföll á síðari stigum grunnskólans eða einelti. Rekja mætti samverkandi áhrif þessara þátta til upphafslegs brotthvarfs úr námi. Allar mæðurnar lýstu löngun sinni á að klára eitthvað nám en töldu það erfitt í sinni stöðu.

Konurnar lögðu allar áherslu á að fá vinnu sem bauð upp á dagvinnutíma og kom yfirleitt ekki annar vinnutími eða vaktavinna til greina, vegna ábyrgðar þeirra á fjölskyldu og vegna dagvistunartíma. Litu þær helst til starfa sem þykja fjölskylduvæn með hentugan vinnutíma og virtust telja það mikilvægara en starfsval eftir áhuga. Einnig kom fram að allar mæðurnar báru megin ábyrgð á heimilisstörfum og barnauppleði, og breytti þar engu um hvort þær voru í sambandi eða einstæðar. Takmarkaði þetta stöðu þeirra á vinnumarkaði og gerði þeim erfiðara fyrir í starfi. Mæðurnar höfðu allar þörf fyrir mismunandi stuðning. Lýstu þær þeim stuðningi sem þær höfðu og hvernig stuðningur þyrfti að koma frá skólakerfinu til þess að þær næðu að útskrifast úr námi. Allar konurnar töldu stuðningsfyrirkomulag velferðarkerfins og skólakerfisins ábótavant og ekki til þess gert að greiða leið þeirra að árangursríkri og ánægjulegri starfsþróun.

4.1 Hindranir á námsferli

Allar mæðurnar tilheyra brotthvarfshópi og kom það talsvert á óvart. Þær höfðu allar hafið framhaldsskólanám að lokinni grunnskólagöngu en hætt námi eftir tiltölulega stuttan tíma, eða innan tveggja vetra og virtist sem þær hafi einfaldlega farið í skóla vegna þess að „það gerðu það bara allir“. Gefur það til kynna að hindranir hafi verið til staðar og haft þau afgerandi áhrif að þær hættu í námi. Hinsvegar má benda á að úrtak var fengið frá Vinnumálastofnun og mögulega hefði menntunarstig viðmælenda verið hærra ef viðmælendur hefðu verið fundnar út frá aldri við fæðingu barns í þjóðskrá.

Samkvæmt starfsþróunarfræðum hefur kyn, persónubundnir- og utanaðkomandi þættir áhrif á þróun starfsferils. Þar spila saman margir samverkandi þættir sem setja mark sitt á starfsþróun einstaklingsins. Samfélag, aldur, fjölskylda viðkomandi og gildi

hans og viðhorf eru allt þættir sem hafa áhrif á þessa þróun. Það kemur vel fram hjá viðmælendum þessarar rannsóknar. Kröfur samfélagsins, menntakerfið, velferðarkerfið, námserfiðleikar, persónulegir erfiðleikar, viðhorf og gildi hefur allt haft áhrif á stöðu og starfsþróun þeirra (Hartung o.fl., 2005).

Flestar konurnar ólust upp hjá ómenntuðum foreldrum utan tveggja kvenna sem áttu iðnmenntað foreldri. Þó svo virtist sem viðhorf flestra foreldra til náms hafi verið jákvætt, þá var hvatinn ekki sérlega sterkur og kröfur um menntun ekki miklar. Foreldrum fannst menntun af hinu góða en ekki endilega mikilvæg. Savickas (2011) fjallar um fyrirmyndir úr fjölskyldu barna, en foreldrar eru stöðugir áhrifavaldar barna og verða viðhorf foreldranna og áhrif að viðhorfum barnanna sjálfra. Túlka mætti á þann hátt mat foreldra kvennanna á mikilvægi menntunar hafi, jafnvel óvitað, orðið til þess að konurnar álitu menntun ekki nauðsynlega fyrir starfsþróun sína. Raunveruleiki foreldranna má vera sá að menntun sé ekki nauðsynleg í þeirra starfsumhverfi, þau voru sjálf án menntunar og höfðu spjarað sig á vinnumarkaði en þær aðstæður sem mæta börnum þeirra er allt annar. Hraðar breytingar vinnumarkaðsins og kröfur um menntun eru orðnar mun meiri heldur en þegar foreldrarnir sjálfir voru ungir (Savickas, 2005). Þess vegna gæti menntunarleysi mögulega haft verri afleiðingar fyrir börnin en það hafði á foreldrana. Engin kvennanna tengdu áhrif viðhorfa foreldra sinna og menntunarleysis við eigin starfsþróun og ekki er víst að þær hafi gert sér grein fyrir það að það gæti talist áhrifavaldur. Hins vegar mætti telja ótrúlegt ef það væri einungis tilviljun en ekki tengsl á milli þess að allar konurnar ólust upp hjá foreldrum sem flestir voru án framhaldsmenntunar, gerðu litlar kröfur til náms og sýndu visst afskiptaleysi í ákvörðunum tengdu áframhaldandi námi, og svo menntunarleysi þeirra sjálfra.

Rannsóknir á hvötum og hindrunum á námsferli ungmenna sýna að viðhorf nemenda til náms og fyrri reynsla af skólagöngu hafa forspágildi um hvort nemendur fari í áframhaldandi nám að loknum grunnskóla eða ekki (Boeren, 2009; Boeren, Nicaise og Baert, 2010 og Merriam o.fl., 2007). Ekki er erfitt að ímynda sér að þeim nemendum sem gengið hafi illa námslega eða átt erfitt uppdráttar félagslega hafi verið fegnir því að losna úr skóla og vilji forðast frekara nám (Illeris, 2006). Upplifun þeirra kvenna sem höfðu orðið fyrir einelti var einmitt sú að þær fundu fyrir miklum létti þegar grunnskólagöngu lauk. Getur þessi reynsla haft letjandi áhrif á áframhaldandi

skólagöngu en í rannsókn Kristjónu Stellu Blöndal og Jóns Torfa Jónassonar (2002) kom fram að 53% þeirra einstaklinga sem hafa ekki lokið framhaldsskólanámi við 24 ára aldur hafi haft slæma reynslu af grunnskóla. Eru þær niðurstöður í takt við reynslu kvennanna, en þær höfðu allar upplifað persónulega vanlíðan eða átt félagslega erfitt uppdráttar í grunnskóla.

Á óvart kom að allar mæðurnar höfðu upplifað persónuleg áföll á seinnihluta grunnskólagöngu sinnar sem þær sögðu að hafi haft mikil áhrif á þeirra andlegu líðan. Tvær konur misstu foreldri sitt á þessum tíma og önnur þeirra hafði áður misst systur. Einnig voru nefnd alvarleg líkamleg slys systkina, hatrammur skilnaður foreldra og fíkniefnamisnotkun foreldris eða systkina. Út frá þessu má álykta að konunum hafi liðið illa andlega og það mögulega haft áhrif á námsþróun í bland við námserfiðleika, slæma reynslu og neikvæðs viðhorfs til menntakerfisins.

Þegar mæðurnar voru inntar eftir ástæðu brotthvarfs úr framhaldsskóla komu fram mismunandi ástæður og virtist oft sem engin ein ástæða lægi á bak við brottfallið, heldur nokkrir samverkandi þættir. Allar lýstu þær námserfiðleikum af einhverju tagi, lélegum námsárangri, andlegri vanlíðan, námsleiða, boð um atvinnu og áhugaleysi en rannsóknir sýna að að þessir þættir gefa sterka forspá fyrir brotthvarf úr námi (Gerður G. Óskarsdóttir, 1993, 2000; Hjalti Jón Sveinsson og Börkur Hansen, 2010; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; Sigrún Harðardóttir, 2014). Konurnar höfðu margar hverjar gert nokkrar tilraunir til þess að ljúka framhaldsnámi en ekki haft erindi sem erfiði. Þegar þær voru spurðar út í hvað hefði orðið til þess að þær næðu ekki að ljúka náminu í seinni skiptin voru þættir á borð við bága fjárhagstöðu, erfiðar fjölskylduaðstæður, barneignir og áðurnefndir námserfiðleikar nefndir. Kom það heim og saman við fyrri rannsóknir þar sem þessir þættir eru nefndir sem ástæður brottfalls úr námi (Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson, 2005; McWhirter o.fl., 2007 og Sigrún Harðardóttir, 2014).

Bent hefur verið á að áhugi þurfi að vera til staðar til þess að nemendur haldist í námi en í skýrslunni Símenntun á Íslandi kemur fram að 38% þeirra sem ekki stunda nám bera við áhugaleysi (Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 1999). Aðspurðar um ferli brottfallsins lýstu sumar konurnar því að skólagangan hafi byrjað vel en svo hafi félagslífið orðið yfir, skemmtanalíf aukist og þær minnkað mætingu sem hafi

svo að lokum valdið falli á mætingu eða á lokaprófum. Vera kann að ofan á hina áhrifaþætti brotthvarfsins sem mæðurnar nefndu, að þær hafi farið í skóla á röngum forsendum og þess vegna haft lítinn áhuga á námsefninu. Einnig gæti óákveðni og skortur á framtíðarsýn haft þarna eitthvað að segja, en flestar mæðurnar vissu ekki hvað þær vildu læra þegar þær byrjuðu í framhaldsskóla. Gæti það hafa orðið til þess námið hafi vikið fyrir félagslífi og að lokum vinnumarkaði.

Fjallað hefur verið um að lítil trú á eigin getu getur reynst áhrifamikill þáttur í starfsþróun kvenna og haft frekari áhrif á ákvörðunartöku á náms- og starfsferli kvenna heldur en áhugamál, gildismat og hæfileikar þeirra. Lítil trú á eigin getu getur einnig haft mikið um það að segja hvernig konur takast á við erfið verkefni og þær hindranir sem á vegi þeirra verða (Luzzo og McWhirter, 2001). Margar misheppnaðar námstilraunir gætu bent til þess að þær hafi misst trúna á sig sem námsmenn. Höfðu sumar snúið baki við tilhugsuninni um að ljúka námi. Flestum fannst háskólanám óraunhæfur kostur og töldu líklegt að ef til náms kæmi myndu þær fara í iðnmenntun eða freista þess að ljúka stúdentsprófi eða ígildi þess. Fjórar viðmælenda nefndu í þessu samhengi áðurnefnda námserfiðleika sem hefðu orðið til þess að þær féllu ítrekað í námsgreinum og hefðu þurft að endurtaka fagið eða prófin aftur og aftur. Hafði það mikil áhrif á þær og fundu þær til skammar og vanmáttar gagnvart náminu og með tímanum talið sér trú um að þær gætu einfaldlega ekki komist í gegnum þessa hindrun.

Þegar viðmælendur voru spurðir að því hvaða fög það væru helst sem olli þessum erfiðleikum var stærðfræðin oftast nefnd. Í tveimur tilvikum mátti rekja erfiðleikana til talnablindu en einnig hefur umræðan varðandi stúlkur og stærðfræði verið áberandi. Í rannsóknum kemur fram að stúlkur sýni lakari árangur í stærðfræði í samanburði við drengi, en má rekja það meira til félagsmótandi áhrifa og að stærðfræðin þyki karllæg, fremur en getu stúlkanna (Hyde og Mertz, 2009). Gæti það orðið til þess að stúlkur vanmeti hæfni sína á því sviði og rækti ekki hæfileika sína. Ekki er þó hægt að álykta hvort það séu námserfiðleikarnir eða félagsmótandi áhrif sem valda því að stúlkurnar eigi erfiðara með að ná árangri í stærðfræði, mögulega gæti það verið sambland af þessu tvennu. Báðir þættir eru þó til þess fallnir að minnka trú á eigin getu í námi og starfi. Niðurstöður rannsóknarinnar benda þó sterklega til þess að lítil trú á eigin getu hafi haft neikvæð áhrif á starfsþróun stúlkanna.

Þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar um laka námsgetu höfðu allar mæðurnar orð á því að vilja ljúka námi. Þær virtust meðvitaðar um mikilvægi menntunar í nútímasamfélagi og fannst æskilegt að hafa einhverja menntun, en fundu margar því flest til foráttu að snúa aftur í nám. Voru þá nefndar ýmsar ástæður svo sem peningaleysi, félagslegar aðstæður og tímaskortur. Bent hefur verið á að einstaklingar sem stunda ekki nám geri það einfaldlega vegna þess að þeir hafa ekki áhuga eða löngun til þess (Paladanius, 2007). Einnig benda niðurstöður rannsókna á að fólk grípi til skýringa á borð við peninga- og tímaleysi sem fyrirslátt þegar í raun er um áhugaleysi að ræða (Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 1999). Eftir að mæðurnar höfðu lýst yfir áhuga á að hefja nám voru þær spurðar í hvaða nám þær vildu fara. Kom þá í ljós hjá meirihluta kvennanna að þær höfðu ekki gert upp hug sinn og höfðu ekki kynnt sér námsleiðir. Er því hugsanlegt að þær hafi í raun haft takmarkaðan áhuga á að hefja nám að nýju en finni fyrir menntunarkröfum samfélagsins (Blustein, 2006). Á hinn bóginn má einnig vera að mæðurnar langi raunverulega til að mennta sig en hafi enn ekki fundið sína hillu. Mögulega vanti enn upp á nægilega löngun og drifkraft en fræðin sýna að fullorðið fólk leggur mikla áherslu á að sjá tilgang og mögulega hagnýtingu með námi sínu (Knowles, Holton og Swanson, 1998). Konurnar eru ungar og mögulega ekki tilbúnar í nám en í rannsókn Hennýjar Sigurjónsdóttur (2013) á starfsþróun ungra mæðra kemur fram að konur sem urðu mæður ungar hafa þurft langan tíma til þess að ákveða námsval og því menntað sig seint.

Síðast en ekki síst kom talsvert á óvart, þrátt fyrir að rannsóknir sýna að barneignir eru áhrifapáttur stúlkna úr námi, að einungis ein móðir sem skýrði brottfall sitt úr námi vegna þungunar (Carduso og Marques, 2008; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; McWhirter o.fl., 2007). Hún var sextán ára þegar þungun átti sér stað og sagðist ekki hafa haft einbeitingu í námið eftir það. Auðvelt er að gera sér í hugarlund að svo stór viðburður í lífi sextán ára stúlku hafi valdið skorti á einbeitingu í námi, en einnig gætu aðrir þættir líkt og námserfiðleikar og óskýr framtíðarmarkmið hafa valdið áhugaleysi á náminu og þungun því góð leið til þess að losna undan kröfum samfélagsins um skólagöngu. Væri það í takt við niðurstöður rannsókna þar sem kemur fram að stúlkur nota stundum barneignir sem leið úr námi og finna nýjan tilgang (Lloyd, 2005). Allar hinar mæðurnar voru þegar brotthvarfsnemendur og jafnvel búnar að reyna

margsinnis að hefja nám að nýju þegar þær urðu þungaðar. Þess vegna er ekki hægt að útskýra brottfall úr námi vegna barneigna í þessari rannsókn.

4.2 Hindranir á vinnumarkaði

Enn í dag hvílir meiri ábyrgð á herðum kvenna þegar kemur að heimilisverkum og barnauppleði, þess vegna erfiðara fyrir konur en karla að samþætta fjölskyldulífið við starfsframa (Betz, 1994, 2005; Carduso og Marques, 2008; Cheung og Halpern, 2010; Fox o.fl., 2011; Merriam o.fl., 2007). Voru ungu mæðurnar engin undantekning, en þær báru allar meiri ábyrgð á heimilisstörfum og barnauppleði heldur en barnsfeður. Skipti þar engu máli hvort þær voru með maka eða ekki. Þær mæður sem voru einstæðar fóru mestmegnis með umsjá barnanna en í tveimur tilfellum voru barnsfeður þeirra með viku og viku fyrirkomulag. Þegar konurnar sem voru með maka voru inntar eftir ástæðum þess að heimilisverk væru mestmegnis á þeirra herðum, kom í ljós að það var vegna þess að þær voru meira inn á heimilinu og makar þeirra ynnu meira. Þess vegna væri „hentugra“ að þær tækju á sig heimilisverk og barnaumsjá. Hins vegar kom í ljós að þegar þær voru á vinnumarkaði, var ábyrgðin samt sem áður á þeirra herðum.

Ennfremur sýndu niðurstöður að barnsfeður kvennanna voru allir í fullum störfum, voru sumir hverjir menntaðir, með eigin rekstur og jafnvel bæði í námi og vinnu. Þótti skjóta skökku við að staða mæðranna var töluvert þrengri en staða feðra. Barnfeðurnir virtust hafa svigrúm til þess að mennta sig og sinna störfum sínum og jafnvel aðlaga umgengni við börnin sín eftir eigin hentisemi. Mæðurnar töldu sig hinsvegar ekki geta það og upplifðu sig bundar í báða skó. Tvær þeirra höfðu jafnvel aðlagað sitt starfsval að vinnutíma fyrrverandi maka. Voru þessar niðurstöður í samræmi við niðurstöður rannsóknar Svövu Guðrúnar Sigurðardóttur (2011) sem sýnir að konur láta eigin starfsþróun lúta lægra haldi fyrir menntun og störfum eiginmanna sinna.

Gögnin gáfu til kynna að staðalímynd kynjanna er enn rótgróin í íslensku samfélagi og viðhorfin eru enn þau að konur séu helstu umönnunaraðilar barna. Voru þær niðurstöður í samræmi við fyrri rannsóknir sem gerðar hafa verið hérlendis sem gefa vísbendingar í þessa veru (Þóra Kristín Þórsdóttir og Kolbeinn Stefánsson, 2010). Virtist sem mæðrunum myndu hlutirnir ættu bara að vera svona og það væri bara í þeirra verkahring að bera ábyrgð á börnum og buru. Virtist í sumum tilvikum eins og konurnar væru ómeðvitaðar um að þessi tilhögun væri þeim í óhag. Vera má að mæðurnar væru

einfaldlega að uppfylla hugmyndir samfélagsins um hlutverk móður, en gert er ráð fyrir því að konur setji barneignir og fjölskyldulíf framar eigin starfsferli. Þetta er hlutverk þeirra sem mæður og konur og þær beygja sig undir það (Betz, 2005; Lent o.fl., 2002). Hinsvegar, ef mæður taka meðvitaðar ákvarðanir um að láta sína starfsþróun lúta lægra haldi fyrir öðrum lífshlutverkum eða starfsþróun eiginmannsins og eru sáttar við það, er það ekki endilega slæmt. En fórnir þær sínum metnaði og starfstengdu draumum til þess að uppfylla staðalímyndir samfélagsins um hlutverk hennar sem eiginkonu og móður þá er það stór hindrun í hennar starfsþróun

Ein algengasta hindrun í starfsþróun kvenna er togstreita á milli starfsferils og fjölskyldulífs (Betz og Fitzgerald, 1987). Þegar mæðurnar ræddu starfsmöguleika og óskir um störf, kom í ljós að aðeins fjölskylduvæn dagvinnustörf komu til greina. Sumar töldu sig jafnvel ekki geta unnið full störf og sóttust eftir 50-80% vinnu. Ástæða þessara óska var sú að þær væru bundnar við dagvistunartíma barna sinna en fyrri rannsóknir sýna sambærilegar niðurstöður (Henný Sigurjónsdóttir, 2013). Ein kona hafnaði góðu atvinnutilboði einungis vegna óhagstæðs vinnutíma og vildi ekki þurfa að treysta á hjálp móður daglega. Einnig lögðu þær mikla áherslu á að vera í frí um helgar til þess að geta verið með börnunum sínum. Álykta má að þessi staða þrengi verulega valmöguleika mæðranna til starfa og eykur þar með líkur á að þær ílengist á atvinnuleysisbótum en samkvæmt niðurstöðum rannsókna getur langtímaatvinnuleysi haft neikvæðar sálfélagslegar og efnahagslegar afleiðingar fyrir ungt fólk (Ásdís Eyrún Sigurgeirsdóttir, 2015; Guðný Björk Eydal o.fl, 2012; Scarpetta o.fl., 2010).

Gottfredson (2002) og Betz (2005) fjölluðu báðar um að konur velja sér frekar fjölskylduvæn störf í stað þeirra sem vekja mest áhuga þeirra. Aðspurðar hverskonar vinnu mæðurnar sæktust eftir, virtust margar þeirra óákveðnar og óvissar um hvar áhugasvið þeirra lægi. Voru svörin helst á þá vegu að þær vildu bara finna „einhverja fína vinnu“. Gefur það til kynna að erfitt geti verið fyrir mæður að sambætta fjölskyldulíf sitt við starfsferil og þess vegna leggi þær meiri áherslu á vissan vinnutíma í stað áhugasviðs. Þessi áhersla gæti reynst illa þegar lengra er litið en í starfsferilsfræðum er fjallað um mikilvægi starfsánægju á hamingju einstaklinga (Betz, 1994; Hirschi o.fl., 2016; Jiang o.fl., 2017). Það að vera ánægður með starfsval sitt og starfsþróun getur haft mikil og jákvæð áhrif á einstaklinga. Þess vegna er mikilvægt að fólk velji störf eftir

áhuga fremur en þörfum fjölskyldunnar. Konur þurfa því að finna að þær geti valdið öllum sínum hlutverkum í lífinu og samþætt þá farsælega (Gottfredson, 2002; O'Neil og Bilimoria, 2005; Lent o.fl., 2002, Mercer, 2004).

Nútíma vinnuumhverfi gerir ríkar kröfur til starfsmanna um sveigjanleika og aðlögunarhæfni, en á sama tíma hafa einstaklingar meiri umráð yfir eigin starfspróun og gera ríkari kröfur á jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs (Herr, 2001; Savickas, 2005). Niðurstöður gáfu hins vegar til kynna að mæðurnar höfðu allar talsverða reynslu af vinnumarkaði en fundu fyrir erfiðleikum varðandi samþættingu fjölskylduábyrgðar og vinnu. Fannst þeim eins og þær væru ítrekað að bregast börnunum sínum eða vinnuveitanda. Má frá því álykta að staða foreldra þar að lútandi þyki enn erfið, alla vega í tilfellum viðmælenda. Hins vegar hefur vinnuumhverfið breyst og síðastliðin ár hefur verið lögð áhersla á að gera atvinnulífið fjölskylduvænna og þar með draga úr þessari togstreitu sem foreldrar finna með opinberri fjölskyldustefnu (Þingskjal 1502, 2017). Má þar helst nefna sveigjanlegri vinnutíma, tilhögun vinnudags (Hall, 2004) og svo hugmyndir um styttingu vinnuvikunnar (Reykjavíkurborg, 2017). Vonandi verður þessi próun til þess að togstreita milli starfsferils og fjölskyldulífs heyri sögunni til.

4.3 Miklar stuðningsþarfir ungra mæðra

Eitt af því mikilvægasta sem konur þurfa í starfspróun sinni er stuðningur og hvatar frá nærkomnum og samfélaginu (Betz, 2005). Allar mæðurnar voru háðar stuðningi fjölskyldu í einhverri mynd, allt frá barnapössun upp í fjárhags- og húsnæðisaðstoð og er það í takt við rannsóknir sem sýna að foreldrar ungra mæðra ásamt barnsfeðrum spila stærsta hlutverkið þegar viðkemur stuðningi (Haley og Sherwood-Hawes, 2006; Wahn, 2007). Ennfremur þykir gott bakland auka líkur á að ungar mæður ljúki námi, en þær mæður sem ekki nutu stuðnings fjölskyldu töldu erfitt að snúa aftur í nám og vildu heldur freista þess að finna gott starf (Ngum Chi Watts o.fl., 2015; Svandís Nína Jónsdóttir o.fl., 2003). Meirihluti kvennanna höfðu góðan stuðning frá fjölskyldu og þá einkum mæðrum sínum. Þess vegna má velja því upp hvort þær gætu í raun farið í nám ef þær raunverulega vildu. Flestar þeirra eiga lítið eftir til þess að klára stúdentsprófið og þess vegna gæti hlutanám reynst góður kostur. Væri þá hægt að taka eitt eða tvö fög á önn þar til stúdentsprófinu væri náð. Veltur þetta allt á því hvort áhugi og löngun til þess

að klára nám sé nægilegur til þess að leggja nám á sig og leita leiða til þess að takast á við námserfiðleika og aðrar hindranir sem á vegi verða.

Allar mæðurnar nýttu sér þær bætur og þann stuðning sem í boði er í velferðarkerfinu, en það býður upp á barnabætur, húsaleigubætur og leikskólaafslátt (Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991). Konurnar gagnrýndu þó hversu erfitt væri að finna upplýsingar um rétt sinn og hvaða stuðningur væri í boði. Ekkert væri boðið fram eða enginn einn tiltekinn staður þar sem upplýsingar um rétt þeirra væru teknar saman. Ekki fylgdi þó sögunni hvort þær hefði átt samtöl við félagsráðgjafa hjá félagsþjónustu síns sveitarfélags og er því ekki hægt að álykta hvort bæta mætti upplýsingaflæði. Þó ber að nefna að ekki fundust neinar upplýsingar um rétt ungra mæðra á einum stað við internetleit. Viðmælendum fannst lítið þurfa til þess að réttur bóta skertist. Upplifun þriggja mæðra af félagsþjónustunni var sú að þrátt fyrir að þær bjuggu við þröngan kost þá þóttu þær samt sem áður of tekjuháar til þess að fá aðstoð, til dæmis tannlæknastyrk og námsstyrk. Svo virtist sem lítið svigrúm væri fyrir bótaþega til þess að stunda vinnu eða nám og höfðu sumar mæðurnar gripið til svartrar vinnu til þess að hækka tekjur sínar. Þær konur sem sögðust vilja vinna meira eða stunda nám meðfram bótum töldu það ekki sér í hag fjárhagslega því þá myndu bætur og styrkir skerðast verulega. Fullyrtu konurnar að þær myndu í raun tapa á því að vinna meira. Ef mæður sem treysta á niðurgreiðslur og bætur telja sig tapa á því að stunda nám eða vinnu, leiðir það til þess að þær halda aftur af sér og gera ekki eins og þær geta. Getur það haft neikvæð og varanleg áhrif á starfsþróun þeirra eins og kom fram í útekt Ásdísar A. Arnalds og Ingibjargar Lilju Ómarsdóttur (2010) um afleiðingar atvinnuleysis fyrir ungt fólk. Má þó koma fram að mögulega sé þetta spurning um viðhorf stúlkanna. Í stað þess að ílengjast á atvinnuleysisbótum gætu þær hafið hlutanám samhliða bótum eða farið í fullt nám og tekið námslán og haldið þá barnabótum og afsláttum. Það veltur hinsvegar trúlega allt á áðurnefndum áhuga og skuldbindingu við nám. Þannig gætu þær bætt starfsþróun sína í stað þess að halda í við sig í vinnu og námi. Hinsvegar gæti lítil trú á eigin getu spilað þarna hlutverk. Auðvelt er að ímynda sér að mæðurnar leggi ekki í þá fjárhagslegu áhættu sem fylgir því að fara í nám þegar þær trúa í raun aldrei á að þeim takist að útskrifast.

Samkvæmt rannsóknum þá þykir líklegra að mæður útskrifist ef þær njóta stuðnings frá menntakerfinu (Fabian o.fl., 2009; Lent o.fl., 2000; Sadler o.fl., 2007; Wahn o.fl., 2005). Allar mæðurnar lýstu því hvernig fjölbreytt skólakerfi og sveigjanleiki gæti hjálpað þeim að komast á leiðarenda. Nefndu þær helst sveigjanlega mætingaskyldu, sveigjanleg verkefnaskil, símat, lotukerfi og meira fjarnám í þeim efnum. Allar voru sannfærðar um að þær gætu klárað nám ef þær gætu hagrætt námi sínu eftir eigin þörfum í stað þess að binda sig og beygja eftir reglum menntakerfisins. Þetta samrýmist niðurstöðum Svandísar Nínu Jónsdóttur og félögum (2002) en þar kom einmitt í ljós að ef skólakerfið gæti mætt mæðrum myndi það minnka líkur á brotthvarfi þeirra verulega. Má þó nefna að skólakerfið hefur undanfarin ár boðið upp á ýmis úrræði til þess að brotthvarfsnemendur geti lokið námi. Til boða stendur að fara í fjölbrautaskóla fram að 25 ára aldri, kvöldskóla, sumarskóla og hefur framboð á fjarnámi verið að aukast og heldur sú þróun vonandi áfram. Einnig eru símenntunarstöðvar í boði og svo fornám inn í háskólana (Ísland.is, e.d). Fjarnám og lotunám kalla þó á mikinn sjálfsgætt og sjálfstæði í vinnubrögðum og veltur árangurinn því á áhuga og raunverulegri löngun til þess að klára námið. Séu þessir þættir ekki til staðar getur reynst erfitt að halda utan um námið og ekki vænlegt til árangurs (Sólveig Jakobsdóttir, Sigurður Fjalar Jónsson, Þórhildur Elfarsdóttir og Sigurbjörg Jóhannesdóttir, 2007).

Meirihluta viðmælenda bar saman um að auka þyrfti einstaklingsaðstoð í námi og að grípa mætti inn í þegar viðvörðunarkerfi væru ljós og er það í samræmi við niðurstöður Rósu Siemsen (2012) um hindranir á skólagöngu framhaldsskólanema sem sýndi að bæta þyrfti verulega við þjónustu þeirra nemenda sem eiga við námserfiðleika að stríða. Hafa mæðurnar því mikið til síns máls en á sama tíma hefðu þær sjálfar þurft að vera á varðbergi og leita sér aðstoðar þegar þær voru hjálparþurfi. Fæstar konurnar höfðu nokkurn tímann haft mikla skuldbindingu við nám, sem ef til vill mætti rekja til persónulegra áfalla og viðhorfa fyrirmynda til náms meðal annars. Stuðningur frá menntakerfinu væri mjög mikilvægur ef kæmi til þess að þær treystu sér í nám. Náms- og starfsráðgjafar gætu því reynst ungum mæðrum vel sem eru að hefja nám á ný. Rannsóknir sýna fram á mikilvægi þess að náms- og starfsráðgjafar séu sýnilegir og getur gott aðgengi reynst verndandi þáttur þegar sporna á við brotthvarfi (Guðbjörg Aðalbergdóttir, 2006). Reynsla mæðranna af náms- og starfsráðgjöfum var takmörkuð og vissu þær jafnvel ekki af þjónustu þeirra og möguleikum á ráðgjöf. Gæti það verið

merki um að kynna mætti þjónustu náms- og starfsráðgjafa ennþá betur innan veggja skólanna og annan stuðning sem í boði er.

Heilt yfir, þá upplifðu mæðurnar sex félagsmótandi, hugarfarslegar og samfélagslegar hindranir á sínum náms- og starfsferli og er það í takt við kenningar fræðimanna um hindranir í starfsferilsþróun kvenna (Betz, 2005; Creed o.fl., 2004; Fabian o.fl., 2009). Hindranir í náms- og starfsferli geta verið erfiðar viðureignar en þegar þær eru margar og samverkandi þá þrengir það stöðu mæðranna enn frekar og geta leitt til neikvæðra afleiðinga í starfsþróun þeirra.

Rannsókn sem þessi, þar sem fjallað er um hindranir á náms- og starfsferli ungra mæðra hefur ekki verið gerð hér á landi fyrr en nú. Álykta má frá niðurstöðum að ýmsar hindranir sóttu að mæðrunum sem gætu haft mikil áhrif á möguleika þeirra á menntun og störfum. Þess vegna er víðtækur stuðningur mikilvægur, sérlega í ljósi þeirra rannsókna sem sýna að konur þurfi sérlegan stuðning í starfsþróun og getur stuðningsleysi virkað sem hindrun (Betz, 2005; Betz og Fitzgerald, 1987; Lent o.fl., 2002). Mæðurnar voru mjög ólíkar og á mismunandi stað í lífinu en þó voru vandamál þeirra og upplifanir áþekkar og virtust þær allar mæta sömu eða svipuðum hindrunum í starfsþróun sinni. Reynsla mæðranna var sambærileg, allar höfðu þær upplifað persónuleg áföll í æsku, þær voru ómenntaðar, skorti fyrirmyndir varðandi menntun, með námserfiðleika, og með litla trú á eigin getu í námi og jafnvel störfum. Einnig var heimilishald og barnaumönnun mestmegnist á þeirra herðum og upplifðu þær erfiðleika við að samþætta fjölskyldulíf og vinnu. Álykta mætti þó að óskýr framtíðarmarkmið, áhugaleysi á menntun, skortur á eigin frumkvæði og lítil trú á eigin getu hafi eitthvað um stöðu þessara mæðra að segja. Samt sem áður er mikilvægt að þegar, og ef þessar ungu konur treysta sér í nám að þá mæti þeim stuðningur frá menntakerfinu, velferðarkerfinu og fjölskyldu.

5 Lokaorð

Markmið þessarar rannsóknar var að afla aukinnar þekkingar á þeim hindrunum sem mæta ungum mæðrum á náms- og starfsferli. Valin var eigindleg rannsóknaraðferð til að öðlast þessa þekkingu og voru viðtöl tekin við sex mæður á aldrinum 18-24 ára með það að markmiði að skyggjast inn í reynsluheim þeirra.

Niðurstöður gefa til kynna að ungar mæður í íslensku samfélagi mæta félagsmótandi, hugarfarslegum og samfélagslegum hindrunum í starfsþróun sinni. Haldast flestar hindranirnar í hendur og hefur það hamlandi áhrif á að mæðurnar snúi aftur í nám eða nái starfsframa. Helst ber að nefna námserfiðleika, persónuleg áföll, skort á fyrirmyndum, litla trú á eigin getu og óskýra framtíðarsýn þegar nefna á hindranir á námsferli. Einnig leiða niðurstöður í ljós að helstu hindranir mæðra á starfsferli eru megin ábyrgð á heimilishaldi og barnauppeldi, togstreita á milli starfsferils og fjölskyldulífs og lítill sveigjanleiki á vinnutíma. Veldur það því að konur velja frekar störf sem henta fjölskyldunni fremur en áhuga. Ennfremur kemur fram að barneignir voru ekki orsakavaldur brotthvarfs úr skóla en gæti hinsvegar gert endurkomu í nám erfiðari fyrir mæður.

Í ljósi þessara niðurstaðna má draga þann lærdóm að ungar mæður sem hætt hafa námi þurfa mikinn stuðning í starfsþróun sinni. Ákveði þær að freista þess að ljúka námi er mikilvægt að þeim mæti skilningur og stuðningur til þess að ná því markmiði. Menntakerfið hefur boðið upp á meiri fjölbreytileika og úrræði síðastliðin ár en líklega mætti gera betur í þeim efnum. Með meiri fjölbreytileika og sveigjanleika er hægt að mæta þörfum breiðari hóps nemenda.

Niðurstöður á hindrunum í starfsþróun ungra mæðra eru í samræmi við kenningar og niðurstöður fyrri rannsókna sem miða að því að skoða hindranir í starfsþróun kvenna, ástæður brotthvarfs úr námi og mikilvægi stuðnings í náms- og starfsþróun.

Skilaboðin sem verkefnið skilur eftir sig er að mikilvægt er að hlúa að þeim stúlkum sem standa höllum fæti námslega. Ef næst að koma nemendum í gegnum stúdentspróf er stórum áfanga náð, en reynst getur verið erfiðara fyrir stúlkur að ljúka framhaldsskólaprófi eftir að þær hafa stofnað til fjölskyldu og bera meiri ábyrgð. Með nægum stuðningi, seiglu og þrautsegju er hægt að komast yfir margar hindranir og þannig öðlast jákvæðari og árangursríkari starfsþróun.

Helstu annmarkar rannsóknarinnar eru þær að viðmælendur voru fáir og hefði mátt taka með í hópinn ungar mæður sem höfðu lokið menntun, tekist að komast yfir hindranir og náð sínum starfstengdu markmiðum eftir að ljóst var að allir viðmælendur voru án framhaldsmenntunar. Miðað við hvað viðfangsefnið hefur verið lítið rannsakað þá væri tilvalið að skoða þær mæður betur og hvaða hindranir hafa mætt þeim og hvað hefur orðið þeim til framdráttar. Jafnvel væri hægt að bera þessa tvo hópa saman. Einnig kom á óvart að allar mæðurnar höfðu upplifað persónuleg áföll á seinnihluta grunnskólagöngu sem hugsanlega gæti reynst skýrandi þáttur á brotthvarfi þeirra úr námi og rannsaka mætti betur. Miðað við hversu víðtækar og samverkandi hindranir eru á náms- og starfsferli ungra mæðra, má halda fram að tilefni sé til frekari rannsókna af svipuðum toga. Mikilvægt er að skoða starfsþróun ungra mæðra betur. Nota mætti niðurstöður þessar rannsóknar til að þróa og leggja fyrir spurningalista fyrir stærra úrtak. Þannig mætti kortleggja betur helstu þarfir og hindranir ungra mæðra. Með því að skoða einnig þær ungu mæður sem hafa náð langt mætti kortleggja og hugsanlega nýta þeirra bjargráð til að aðstoða ungar mæður í svipuðum aðstæðum og fjallað er um í þessari rannsókn. Þannig mætti markvisst styðja fleiri ungar mæður til náms- og starfsframa.

Fjóla Dögg Blomsterberg

Heimildaskrá

- Alþingi, þingsályktun um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur, þskj. 1502, 813. mál á 145. löggjafarþingi.
- Andersen, M.L. (1997). *Thinking about women: Sociological perspectives on sex and gender* (4. útgáfa). Boston: Allyn og Bacon.
- Auger, R. W., Blachurst, A.E., Wahl, K. H. (2005). The development of elementary – aged children’s career aspirations and expectations. *Professional School Counseling*, 8(4), 322–330.
- Arnett, J. J. (2002). The Psychology of globalization. *American Psychologist*, 57(10), 774-783
- Ásdís A. Arnalds, Elísabet Karlsdóttir, Heiður H. Jónsdóttir og Vala Jónsdóttir (2012). *Aðstæður reykvískra foreldra: Félagslegt tengslanet, tómstundir og almennt heilsufar barna*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ásdís A. Arnalds og Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir. (2010). *Úttekt á átaksverkefninu „Ungt fólk til athafna“*. Unnið fyrir Vinnumálastofnun. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ásdís Eyrún Sigurgeirsdóttir. (2015). *Upplifun ungs fólks af atvinnuleysi. „...þetta fólk lítur svona á mig af því ég er ekki með vinnu...“*. (Óbirt meistara ritgerð). Háskóli Íslands.
- Bandura, A. (1977). *Social Learning Theory*. London: Prentice-Hall, Inc.
- Bandura, A. (1993). Perceived Self-Efficacy in Cognitive Development and Functioning. *Educational Psychologist*, 28, 117-148.
- Bandura, A. (1997). *Self-efficacy: The exercise of control*. Englewood Cliffs, NJ: Prentice Hall.
- Barnaheill- Save the children á Íslandi (2016). *Ending Educational and Child Poverty in Europe*. Sótt af: https://www.savethechildren.nl/sci-nl/media/Save-the-children/PDF/ending_educational_and_child_poverty_in_europe_02-12-2016.pdf.
- Berg, B. L. (2009). *Qualitative research methods for the social sciences*. Seventh edition. Boston: Pearson Education Limited.
- Betz, N. E. (1994). Basic issues and concepts in career counseling for women. Í W. B. Walsh og S. H. Osipow (ritstjórar), *Career Counseling for Women* (bls. 1-42). Hillsdale, NJ: Lawrence Erlbaum Associates, Inc., Publishers.

- Betz, N.E. (2005). Womens career development. Í S.D. Brown og R.W. Lent (ritstjórar). *Career development and counseling: Putting theory and research to work* (bls. 253-279). Hoboken, NJ: Wiley.
- Betz, N. E. og Fitzgerald, L. F. (1987). *The career psychology of women*. Orlando, FL: Academic press, Inc.
- Betz, N. E., & Hackett, G. (1981). The relationship of career-related self-efficacy expectations to perceived career options in college women and men. *Journal of Counseling Psychology, 28*, 399-410.
- Bimrose, J. (2008). Guidance for girls and women. Í J. A. Athanasou og R. V. Esbroeck (ritstjórar), *International Handbook of Career Guidance* (bls. 375-404). Dordrecht: Springer.
- Blustein, D. L. (2006). *The psychology of working: A new perspective for career development, counseling and public policy*. Mahwah, NJ: Lawrence Erlbaum Associates, Inc.
- Boden, J., Fergusson, D., & Horwood, J. (2008). Early motherhood and subsequent life outcomes. *Journal of Child Psychology and Psychiatry, 49*, 151–160.
- Boeren, E. (2009). Adult education participation: the Matthew principle. *Filosofija, Sociologija, 20*(2), 154–161.
- Boeren, E., Nicaise, I. og Baert, H. (2010). Theoretical models of participation in adult education: The need for an integrated model. *International Journal of Lifelong Education, 29*(1), 45—61.
- Bowlby, J.W. og McMullen, K. (2002). *At a crossroads. First results for the 18 to 20 year old cohort of the youth in transition survey*. Sótt af: <http://files.eric.ed.gov/fulltext/ED505449.pdf>.
- Carduso, P. og Marques, J.F. (2008). Perception of career barriers: the importance of gender and ethnic variables. *International journal of educational and vocational guidance, 8*(1), 49-61.
- Cheung, F. M., & Halpern, D. F. (2010). Women at the top: Powerful leaders define success as work + family in a culture of gender. *American Psychologist, 65*(3), 182-193.
- Creed, P. A., Patton, W. og Bartrum, D. (2004). Internal and external barriers, cognitive style, and the career development variables of focus and indecision, *Journal of Career Development, 30*, 277-294.
- Edgell, S. (2006). *The Sociology of Work: Continuity and Change in Paid and Unpaid Work*. London: SAGE Publications Ltd.
- Esterberg, K.G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw- Hill.

- Fabian, E. S., Beveridge, S. og Ethridge, G. (2009). Differences in perceptions of career and supports for people with disabilities by demographic, background and case status factors. *Journal of Rehabilitation*, 75, 41-50.
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2009a). *Skýrsla félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála: Jafnrétti kynjanna í tölum*. Reykjavík: Höfundur.
- Félags- og tryggingarmálaráðuneyti (2009b). *Ungt fólk án atvinnu. Virkni þess og menntun*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
- Field, S., Kuczera, B. og Point, B. (2007). *Education and training policy. No more failure. Ten steps to equality in education*. OECD, publishing, Paris.
- Forsætisráðuneytið. (2004). *Efnahagsleg völd kvenna: Skýrsla nefndar um efnahagsleg völd kvenna*. Reykjavík: Höfundur.
- Fox, M.F., Fonseca, C. og Bao, J. (2011). Work and family conflict in academic science: Patterns and predictors among women and men in research universities. *Social Studies of Science*, 41(5), 715–735.
- Gaskill P, J. og Woolfolk Hoy, A. (2002). Self-efficacy and self-regulated learning: The dynamic duo in school performance. Í J. Aronson (ritstjóri), *Improving academic achievement: Impact of psychological factors on education* (bls. 185-206). Boston, MA: Academic Press.
- Gerður G. Óskarsdóttir. (1993). Hætt í skóla: Nám og aðstæður nemenda sem hætta í skóla eftir tvö ár í framhaldssnámi eða fyrr. *Uppeldi og menntun*, 2, 53-67.
- Gerður G. Óskarsdóttir. (2000). *Frá skóla til atvinnulífs. Rannsóknir á tengslum menntunar og starfs*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Gestur Guðmundsson (2002). *Breytt umskipti til fullorðinsaldurs. 2. áfangaskýrsla*. Sótt af: http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/gestur_gudmundsson_umskipti11102.pdf.
- Ginevra, M.C., McWhirter, E.H. og Nota. L. (2011). *Perception of educational barriers: A first contribution to its validation*. Italy: University of Padova.
- Gottfredson, L. S. (1981). Circumscription and compromise: A developmental theory and occupational aspirations. *Journal of Counseling Psychology*, 28, 545–579.
- Gottfredson, L.S. (2002). Gottfredson's Theory of Circumscription, Compromise, and Self-Creation. Í Brown, D. (ritstjóri), *Career choice and Development* (bls. 85–148). San Francisco: Jossey-Bass.
- Gottfredson, L. S. (2005). Applying Gottfredson's theory of circumscription and compromise in career guidance and counseling. Í S. D. Brown og R. W. Lent (ed),

Career development and counseling, putting theory and research to work (bls. 71 – 100). Hoboken, NJ: Wiley.

- Guðbjörg Aðalbergisdóttir. (2006). *An investigation into student dropout rates in Icelandic upper-secondary schools* (óútgefin MPA ritgerð). University of Warwick, Englandi.
- Guðbjörg Vilhjálmisdóttir. (2000). Skilar náms- og starfsfræðsla árangri? Árangursmat á náms- og starfsfræðslu í 10. bekk. *Uppeldi og menntun*. 9(1), 37-56.
- Guðbjörg Vilhjálmisdóttir. (2005). Þarf að fræða ungt fólk um nám og störf? Í Baldvin M. Zarióh, Magnús Diðrik Baldursson, Magnús Guðmundsson (ritstjórar), *Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna* (bls. 97-103). Reykjavík: Háskólafjölritun
- Guðný Björk Eydal, Halldór S. Guðmundsson og Tómas Björn Bjarnason. (2012). Atvinnuleysi og vinnumarkaðsúrræði. Í Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson (ritstj.), *Þróun Velferðarinnar 1988 til 2008* (bls. 185–211). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hackett, G., og Betz, N.E. (1981). A self-efficacy approach to the career development of women. *Journal of Vocational Behavior*, 18, 326–339.
- Hagstofa Íslands. (2017a). Frjósemi heldur áfram að minnka. Sótt af: <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/faedingar-2016/>.
- Hagstofa Íslands. (2017b). *Lifandi fæddir, öll börn og frumburðir eftir aldri móður 1971-2016*. Sótt af: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__Faeddiranir__Faeddir__faedingar/MAN05101.px/table/tableViewLayout1/?rxid=f10c32ae-5c68-4f55-9962-13149e5d49e0.
- Hagstofa Íslands (2017c). *Skólasókn á framhaldsskólastigi eftir kyni, aldri og landsvæðum 1999-2015*. Sótt af: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__3_framhaldsskolestig__0_fsNemendur/SKO03108.px/table/tableViewLayout1/?rxid=4b150a4d-5bcc-4202-9456-b03a6a319d34.
- Hagstofa Íslands (2017d). *Vinnuafli, starfandi, atvinnulausir og vinnustundir - Árstíðaleiðrétt - Mánaðarlegar tölur 2003-2017*. Sótt af: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__vinnumarkadur__1_mana dartolur/VIN00002.px/table/tableViewLayout1/?rxid=f4bbaa4b-39d2-4e0d-a4d7-bc500eb1f142.
- Haley, M. og Sherwood-Hawes, A. (2006). Children having children: Teenage pregnancy and parenthood. Í D. Capuzzi og D. R. Gross (ritstjórar) *Youth at Risk: A Prevention Resource for Counselors, Teachers, and Parents* (bls. 211-242). Upper Saddle River, NJ: Pearson Education, Inc.

- Hall, D. T. (2004). The protean career: A quarter-century journey. *Journal of Vocational Behavior*, 65, 1–13.
- Hartung, P. J., Porfeli, E. J. og Vondracek, F. W. (2005). Child vocational development: A review and reconsideration. *Journal of Vocational Behavior*, 66(3), 385–419.
- Helga Eysteinsdóttir. (2006). *Fjölskyldan í fyrirrúmi: Staða miðaldra kvenna í atvinnuleit* (Óbirt meistararitgerð). Háskóli Íslands.
- Hennink, M., Hutter, I. og Bailey, A. (2011). *Qualitative research methods*. London: SAGE.
- Henný Sigurjónsdóttir. (2013). „Ég get gefið þeim miklu meira ef ég er menntuð“ Náms- og starfsferill kvenna sem eignast sitt fyrsta barn þegar þær eru á aldrinum 16-19 ára. (Óbirt meistararitgerð). Háskóli Íslands.
- Herr, E. L. (2001). Adult career development: Some perspective on the future. Í S. G. Niles (ritstjóri), *Adult career development. Concepts, issues and practices* (3. útgáfa) (bls 389-398). Alexandria, VA: National Career Development Association.
- Hirchi, A., Herrmann, A., Nagy, N. og Spurk, D. (2016). All in the name of work? Nonwork orientations as predictors of salary, career satisfaction, and life satisfaction. *Journal of Vocational Behavior*, 95-96, 45-57.
- Hjalti Jón Sveinsson og Börkur Hansen. (2010). Trú á eigin færni og hvati til náms: Hvers vegna hættu nemendur á Almennri námsbraut í Verkmenntaskólanum á Akureyri á meðan aðrir halda áfram?. *Uppeldi og menntun*, 19, 91-112.
- Hyde, J. S. og Mertz, J. E. (2009) Gender, culture, and mathematics performance. *Proceedings of the National Academy of Sciences, USA*, 106, 8801-8807.
- Illeris, K. (2006). Lifelong learning and the low-skilled. *International Journal of Lifelong Education*, 25(1), 15–28.
- Ísland.is. (e.d). *Framhaldsskólar*. Sótt af: <https://www.island.is/thjonusta/menntun-og-mannlif/skolar/framhaldsskolar/>.
- Jiang, Z., Wang, Z., Jing, X., Wallace, R., Jiang, X. og Kim, D. (2017). Core self- evaluation: Linking career social support to life satisfaction. *Personality and Individual Differences*, 112, 128-135.
- Jóhanna Einarsdóttir og Sif Einarsdóttir. (2004). „Á ég að vera með þvílíkum kellingum í bekk“ Reynsla eldri og yngri nemenda í leikskólakennaranámi. *Uppeldi og menntun*, 1(13), 45-66.
- Jón Torfi Jónasson. (2004). Fullorðinsfræðsla og starfsmenntun á Íslandi: Staða og þróun starfsfræðslu og símenntunar. *Gátt-ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 12-19.

- Jón Torfi Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir. (2008). *Þátttaka í fræðslu á Íslandi. Niðurstöður úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar 2003*. Reykjavík: Rannsóknarstofa um menntakerfi. Félagsvísindastofnun HÍ.
- Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (1999). *Símenntun á Íslandi. Yfirlit yfir nám fólks á aldrinum 18-75 ára og athugun byggð á námskeiðasókn vorið 1998*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2002). *Ungt fólk og framhaldsskólinn. Rannsókn á námsgengi og afstöðu '75 árgangsins til náms*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Knowles, M. S., Holton, E. F. og Swanson, R. A. (1998). *The Adult Learner: The definite classic in adult education and human resource development* (5. útgáfa). Houston: Gulf Pub. Co.
- Kolbeinn H. Stefánsson. (2009). *Sjálfhábyrgð eða samstaða? Afstaða til atvinnulausra í kjölfar bankahrunsins*. Reykjavík: Þjóðmálastofnun Háskóla Íslands.
- Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir. (2013). Óákveðni nemenda við námsval í framhaldsskóla og skuldbinding þeirra gagnvart námi og skóla. *Netla*, 12. Sótt af: http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir_og_skolastarf/005.pdf.
- Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson. (2002). *Brottfall úr námi. Afstaða til skóla, félagslegir og sálfræðilegir þættir*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Krumboltz, J. D. og Worthington, R. L. (1999). The school-to-work transition from a learning theory perspective. *The career development quarterly*, 47, 312-325.
- Kvale, S. og Brinkmann, S. (2009). *InterViews: Learning the craft of qualitative research interviewing*. Thousand Oaks: Sage.
- Lent, R. W. (2005). A social cognitive view of career development and counseling. Í *Career development and counseling: Putting theory and research to work* (ritstj. Brown, S. D. og Lent, R. W.). New Jersey: John Wiley & Sons, Inc, 101-130.
- Lent, R.W. og Brown, S.D. (2001). Social career cognitive theory and adult career development. Í S. G. Niles (Ritsj.), *Adult career development. Concepts, issues and practices*. (3. útg.). Alexandria, VA: National Career Development Association.
- Lent, R.W., Brown, S.D. og Hackett, G. (2000). Contextual supports and barriers to career choice: a social cognitive analysis. *Journal of counseling psychology*, 41(1), 36-49.
- Lent, R. W., Brown, S. D. og Hackett, G. (2002). Social cognitive career theory. Í D. Brown (ritstjóri), *Career Choice and Development*. (bls. 255-311) San Francisco, CA: John Wiley and sons.
- Levine, J. A., Weisell, R., Chevassus, S., Martinez, C.D., Burlingame, B., og Coward, W.A. (2001). The work burden of women. *Science*, 294(5543), 812.

- Lloyd, G. (2005). *Problem girls: Understanding and working with the troubled and troublesome girls and young women*. London: RoutledgeFalmer.
- Lockwood, P. (2006). "Someone like me can be successful": Do college students need same-gender role models? *Psychology of women quarterly* 30, 36–46.
- Luzzo, D.A. og Hutcheson, K.G. (1996). Causal attributions and sex differences associated with perceptions of occupational barriers. *Journal of counseling and development*, 75(2), 124-130.
- Luzzo, D.A. og McWhirter E.H. (2001). Sex and ethnic differences in the perception of educational and career-related barriers and levels of coping efficacy. *Journal of counseling and development*, 79(1), 61-67.
- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
- McWhirter, E.H., Rasheed, S. og Crothers, M. (2000). The effects of high school career education on social-cognitive variables. *Journal of counseling psychology*, 47(3), 330-341.
- McWhirter, E.H., Torres, D.M., Salgado, S. og Valdez, M. (2007). Perceived barriers and postsecondary plans in mexican american and white adolescents. *Journal of career assessment*, 15(1), 119–138.
- Menntamálaráðuneytið. (2007). *Náms- og starfsráðgjöf. Skýrsla starfshóps*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Yfirlitsskýrsla OECD um starfsmenntun á Íslandi. Leikni að lokum skóla*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Mercer, R. (2004). Becoming a mother versus maternal role attainment. *Journal of Nursing Scholarship*, 36(3), 226-232.
- Merriam, S. B., Caffarella, R. S. og Baumgartner, L. M. (2007). *Learning in adulthood. A comprehensive guide* (3. útgáfa). San Francisco: Jossey-Bass.
- Miyamoto, K. J. (2005). *Promoting adult learning. Paris: Organisation for Economic Co-operation and Development*. Sótt af: <http://www.oecd.org/edu/innovation-education/promotingadultlearning.htm>.
- Mitchell, L. K., Levin, A. S. og Krumboltz, J. D. (1999). Planned happenstance: Constructing unexpected career opportunities. *Journal of Counseling and Development*, 77(2), 115-124.
- Ngum Chi Watts, M. C., Liamputtong, P. og Mcmichael C. (2015). Early motherhood: a qualitative study exploring the experiences of African Australian teenage mothers in greater Melbourne, Australia. *BMC Public Health*, 15, 873–883.
- OECD. (2017). *Youth unemployment rate (indicators)*. Sótt af: <https://data.oecd.org/unemp/youth-unemployment-rate.htm#indicator-chart>.

- OECD. (2012). *Education at glance 2012. OECD indicators*. Sótt af: https://www.oecd.org/edu/EAG%202012_e-book_EN_200912.pdf.
- Olafsson, J. og Wadensjö, E. (2012). *Youth, education and labour market in the Nordic countries: Similar but not the same*. Stockholm: Friedrich Ebert Stiftung.
- Olsen, T. og Tägtström, J. (2013). Introduction. Í T. Olsen og J. Tägtström (ritstj.), *For that which grows: Mental health, disability pensions and youth in the Nordic countries* (bls. 81–102). Sótt af: http://www.nordicwelfare.org/PageFiles/13793/For_that_which_grows.pdf.
- O'Neil, D.A. og Bilimoria, D. (2005). Women's career development phases: Idealism, endurance, and reinvention. *Career Development International*, 10(3), 168-189.
- Paladanius, S. (2007). The rationality of reluctance and indifference toward adult education: Difficulties in recruiting unemployed adults to adult education. Í L. Servage (Ritstj.), *Proceedings of the joint international conference of the Adult Education Research Conference (AERC) (48th National Conference) and the Canadian Association for the Study of Adult Education (CASAE) (26th National Conference)*, (471–476). Ottawa: CASAE.
- Patton, W. og McMahon, M. (2014). *Career development and systems theory* (3. útgáfa). Rotterdam: Sense.
- Pool, L. D. og Sewell, P. (2007). The key to employability: developing a practical model of graduate employability. *Education & Training*, 49(4), 277-289.
- Reykjavíkurborg. (2017). *Tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar*. Sótt af: http://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_borgarstjornarfundur/stytting_2.pdf.
- Rósa Siemsen. (2012). *Hindranir í námi og skólagöngu framhaldsskólanema*. (Óbirt meistararitgerð). Háskóli Íslands.
- Rumberger, R.W. (1983). Dropping out of high school: The influence of race, sex, and family background. *American educational research journal*, 20, 199-220.
- Sadler, L. S., Swartz, M. K., Ryan-Krause, P., Seitz, V., Meadown-Oliver, M., Grey, M. og Clemmens, A. D. (2007). Promising outcomes in teen mothers enrolled in a school-based parent support program and child care center. *Journal of School Health*, 77(3), 121-130.
- Savickas, M.L. (2000). Renovating the psychology of careers for the twenty first century. Í A. Collin, og R. Young, (Ritstj.), *The future of career* (bls 5–68). Cambridge, UK: Cambridge University Press.
- Savickas, M. L. (2005). The theory and practice of career construction. Í S. D. Brown og R. W. Lent (ritstjórar), *Career development and counseling. Putting theory and research to work* (bls. 42 – 69). Hoboken, NJ: Wiley.

- Savickas, M. L. (2008). Helping people choose jobs: A history of the guidance profession. Í J. A. Athanasou og R. V. Esbroeck (ritstjórar), *International Handbook of Career Guidance* (bls. 97-113). Dordrecht: Springer.
- Savickas, M. L. (2011). Career counseling. Í J. Carlson og M. Englar Carlson (ritstjórar), *Theories of Psychotherapy Series*. Washington, DC: American Psychological Association.
- Scarpetta, S., Sonnet, A. og Manfredi, T. (2010). *Rising Youth Unemployment During The Crisis: How to Prevent Negative Long-term Consequences on a Generation?*. OECD Social, Employment and Migration Working Papers nr 106. OECD Publishing, Paris.
- Schunk, D. (2001). Social-cognitive theory and self-regulated learning. Í B. Zimmerman og D. Schunk (Ritstjórar), *Self-regulated learning and academic achievement: Theoretical perspectives* (bls. 125–151). Mahwah, NJ: Erlbaum.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal. (2005). Brotthvarf ungmenna frá námi og uppeldisaðferðir foreldra: Langtímarannsókn. *Tímarit um menntarannsóknir*, 2, 11-23.
- Sigrún Harðardóttir. (2014). *Líðan framhaldsskólanemenda: Um námserfiðleika, áhrifaþætti og ábyrgð samfélags* (doktorsritgerð við Félagsráðgjafardeild). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Sóley S. Bender. (2005). *Adolescent Pregnancy*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Sólveig Jakobsdóttir, Sigurður Fjalar Jónsson, Þórhildur Elfarsdóttir og Sigurbjörg Jóhannesdóttir. (2007). *Regatta for life and learning? Trends and blends in distance education at the secondary level in Iceland*. Grein með erindi sem var flutt á The 12th Cambridge International Conference on Open and Distance Learning Cambridge.
- Super, D. E. (1953). A theory of vocational development. *American Psychologist*, 8, 185-190.
- Super, D. E. (1957). *The psychology of careers*. New York, NY: Harper & Row.
- Super, D. E. (1990). A life-span, life-space approach to career development. Í D. Brown og L. Brooks (ritstjórar), *Career choice and development: Applying contemporary theories to practice* (bls. 197-261). San Francisco: Jossey-Bass.
- Statistiska centralbyrån. (2017). *Levande födda efter region, kön och moderns ålder. År 1968- 2016*. Sótt af: <http://www.statistikdatabasen.scb.se/pxweb/sv/ssd/?rxid=d7bd8288-722e-4522-b65e-75c4e4ec5e44>.
- Svandís Nína Jónsdóttir, Jakobína Hólmfríður Árnadóttir, Gísli Árni Eggertsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2004). *Framtíð fyrir alla: Ungt fólk og brottfall úr framhaldsskólum. Bjargráð til framtíðar*. Reykjavík: Nýsköpunarsjóður námsmanna.

- Svandís Nína Jónsdóttir, Stefán Hrafn Jónsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Hera Hallbera Björnsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir. (2003). *Utanskólarannsókn: Félagsleg staða ungmenna utan framhaldsskóla og samanburður við jafnaldra þeirra í framhaldsskólum*. Reykjavík: Rannsóknir & greining ehf.
- Svanhildur Svavarsdóttir. (2010). *Á hverju byggja 10. bekkingar val sitt á framhaldsskólanámi? Skólaheimsóknir og önnur upplýsingaöflun 10. bekinga um framhaldsskóla og námsbrautir*. (Óbirt meistararitgerð). Háskóli Íslands.
- Svava Guðrún Sigurðardóttir. (2011). *Eins hindrun er annars hvati : Ástæður fyrir brotthvarfi og endurkomu kvenna til náms*. (Óbirt meistararitgerð). Háskóli Íslands.
- Swanson, J.L., Daniels, K.K. og Tokar, D.M. (1996). Assessing perceptions of career-related barriers: The Career Barriers Inventory. *Journal of career assessment*, 4(2), 219-244.
- Turner, S. L. og Conkel, J. (2010). Evaluation of a career development skills intervention with adolescents living in an inner city. *Journal of counseling and development*, 88(4), 457—465.
- Tryggingastofnun. (e.d.). *Meðlag*. Sótt af <http://www.tr.is/barnafjolskyldur/medlag/>.
- Vinnumálastofnun. (e.d.a.). *Atvinnuleysistökur í excelskjölum. Greining á atvinnuleysistölu eftir bakrunni. Eftir lengd á skrá*. Sótt af: <https://www.vinnumalastofnun.is/um-okkur/tolfraedi-og-utgefid-efni/atvinnuleysistolur-i-excelskjolum>.
- Vinnumálastofnun. (e.d.b.). *Atvinnuleysistökur í excelskjölum. Greining á atvinnuleysistöllum eftir bakrunni. Eftir menntun*. Sótt af: <https://www.vinnumalastofnun.is/um-okkur/tolfraedi-og-utgefid-efni/atvinnuleysistolur-i-excelskjolum>.
- Vinnumálastofnun. (e.d.c.). *Atvinnuleysistökur í excelskjölum. Greining á atvinnuleysistöllum eftir bakrunni. Eftir lengd*. Sótt af <https://www.vinnumalastofnun.is/um-okkur/tolfraedi-og-utgefid-efni/atvinnuleysistolur-i-excelskjolum>.
- Vinnumálastofnun. (e.d.d.). *Atvinnuleysisbætur*. Sótt af: <http://www.vinnumalastofnun.is/atvinnuleysisbaetur/>.
- Wahn, E. H. (2007). *Teenage childbearing in Sweden. Support from social network and midwife* [rafræn útgáfa]. Stockholm: Karolinska Institutet.
- Wahn, E.H., Nissen, E. og Ahlberg, B.M. (2005). Becoming and Being a Teenage Mother: How Teenage Girls in South Western Sweden View Their Situation. *Health Care for Women International*, 26(7), 591-603.

- Watts, L.L., Frame, M.C., Moffett, R.G., Van Hein, J.L. og Hein, M. (2015). The relationship between gender, perceived career barriers, and occupational aspirations. *Journal of Applied Social Psychology*, 45(1), 10-22.
- Wolf, L. (2001). College students with ADHD and other hidden disabilities: Outcomes and interventions. *Annals of the New York academy of sciences*, 931, 385-395.
- Þjóðskrá Íslands. (e.d.). *Barneignir*. Sótt af:
<https://www.island.is/thjonusta/fjolskyldan/barneignir/barnabaetur/>.
- Þóra Kristín Þórsdóttir og Kolbeinn Stefánsson. (2010). *Verkaskipting kynjanna: Fyrir og eftir bankahrun*. Sótt af:
http://thjodmalastofnun.hi.is/sites/thjodmalastofnun.hi.is/files/frettabref_thjodmalastofnunar_10_2010.pdf.
- Þuríður Ósk Sigurjónsdóttir og Sif Einarsdóttir. (2011). Kyngervi raunvísinda: Námsval og aðstæður kvenna í hefbundum karlagreinum við Háskóla Íslands. *Timarit um menntarannsóknir*, (8),80-102.

Fylgiskjal I

Viðtalsrammi

1. Bakgrunnsupplýsingar

Aldur
Fjölskylduaðstæður- börn/maki
Búseta
Skóli/atvinna- hvaða menntun hefuru/hvað hefuru starfað.

2. Barnæska, uppvöxtur og fjölskyldubakgrunnur

Hvar fædd/alín upp –fjölskyldugerð- foreldrar-systkini
Hvernig var barnæskan
Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór

3. Menntun fyrir barneign

Reynsla af skólagöngu – námsárangur- líðan
Varstu í námi fyrir þungun? Ef ekki, hvers vegna
Fórstu aftur í nám eftir barneign? Ef ekki, hvers vegna?
Hefuru hætt í einhverju námi?
Hvaða hugmyndir um nám/störf hafðiru fyrir þungun

4. Menntun eftir barnsburð- ef hún hélt áfram í námi

Var hún að halda áfram með fyrra nám?
Ef ekki, hver var kveikjan að því að hefja nám?
Fékkstu hvatningu/stuðning fjölskyldu til þess að hefja nám (að nýju)- hvernig stuðning
Hvaða viðhorf hefur fjölskylda þín til náms?
Hvernig leið þér að hefja nám með barn
Hvaða hindranir upplifðiru í náminu
Hvar fannstu stuðning í náminu

4. Starfsferill

Við hvað hefuru starfað
Hvað langar þig að starfa við í framtíðinni?
Hvaða helduru að komi í veg fyrir að þú getir fengið draumastarfið?
Hefuru upplifað einhverjar hindranir á starfsferli? – til dæmis vegna þess að þú átt barn, ert einstæð, lítill stuðningur, ónóg menntun, lítið sjálfstraust osfrv.

7. Atvinnuleit

Hversu lengi hefuru verið á atvinnuleysisbótum?
Hefuru áður farið á atvinnuleysisbætur?
Upplifiru einhverjar hindranir í atvinnuleit? Hverjar? (Til dæmis að eiga börn, fordómar frá vinnuveitendum, að vera einstæð, engin pössun, erfitt að samræma vinnutíma við dagvistun, reynsla á vitlausu sviði osfrv.)
Hvernig gekk að samræma barnauppeldi við nám eða störf
Hvaða máli skiptir menntun í þinni stöðu að þínu mati?- ef miklu máli, þá hvað kemur í veg fyrir frekara nám
Finnst þér þú þurfa frekari menntun til að komast í starf/draumastarfið
Hefuru trú á að þú munir fá gott starf í náinni framtíð
Framtíðaráætlanir